

ALLT ATVINNA

Stútfullt blað af
atvinnuauglýsingum

atvinnna

allt í MIÐJU BLAÐSINS



ÍSGERÐUR ELFA GUNNARSDÓTTIR

Er á fullu í tökum fyrir
Stundina okkar

Eddie Murphy fyndnastur

FÓLK 38



16 bláðnudra
RE/MAX blað

Fasteignablað RE/MAX fylgir
Fréttablaðinu á sunnudögum

RE/MAX

FRÍTT

FRÉTTABLAÐID

10. september 2006 — 242. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAD Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR



Slógu í gegn í Svíþjóð

Förðunarfræðingurinn Margrét Jónasdóttir og Nonni Quest fengu góða umsögn í Extrabladet.

FÓLK 38

Draumaheimar Höllu

Halla Gunnarsdóttir myndlistarkona hefur á stuttum tíma vakið athygli bæði í leikhúsi og galleríum.

VIÐTAL 18

Skáldlegt líf í landamæralausum heimi

Skáldin Jesse Ball og Þórdís Björnsdóttir skrifuðu bókina Vera & Linus í sameiningu.


BÆKUR 26

Valur bikarmeistari

Valskonur urðu í gær bikarmeistarar í knattspyrnu er þær unnu Breiðablik í vitaspurnukeppni. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði þrennur fyrir Val en eftir venjulegan leiktíma var staðan 3-3.

ÍPRTTIR 30

VEÐRIÐ Í DAG



BJARTVIÐRI EYSTRA í dag verður yfirleitt 5-13 m/s, hvassast norðvestan til og síðan vestan til þegar líður á síðdegið. Skúrir um sunnan og vestanvert landið en bjartviðri norðaustan og austan til. Hiti 9-15 stig, hlýjast á Austurlandi.


VEDUR 4

Íslendingar 18-49 ára


Meðallestur á tölublað

67%

Mbl.



*Samkvæmt fjölmíðlakönnun Gallup í maí 2006.



BORGENGJÓ FAGNAR Á höfn borsins var að vonum stóranagð með árangurinn. Hér stilla meðlimir hennar sér upp fyrir framan myndavelina, hver með litla kampavíflósku. Um hundrað manns voru viðstaddir þegar borinn braut sér leið í gegn um seinasta berghaftið og brutust mikil fagnaðarlæti út þegar hann stöðvaði. Borinn verður nú sendur úr landi í önnur verkefni. FRÉTTABLAÐID/GUNNAR

Skeikaði aðeins um fimmtán sentimeta

Risabor Impregilo braut sér leið gegnum seinasta haftið í aðrennslisgöngum Kárahnjúkavirkjunar í gær. Á fimmtán kílómetra leið skeikaði aðeins um fimmtán sentimeta. Mikil fagnaðarlæti brutust út þegar áfanganum var náð.

KÁRAHNJÚKAR Risabor Impregilo boraði sig í gegnum síðasta berghaftið í aðrennslisgöngum Kárahnjúkavirkjunar um ellefuleytíð í gærmorgun. Þar með lauk tveggja ára og fimmtán kílómetra löngu ferðalagi borsins undir Fljótdalsheiði og skeikaði aðeins um fimmtán sentimeta.

„Þetta er mjög stór áfangi fyrir Impregilo,“ segir Ómar Valdimarsson, talsmaður Impregilo á Íslandi. „Nú þegar bessum áfanga er lokið eru það ekki nema um tveir kílómetrar sem á eftir að bora í allri þessari jarðgangana

gerð fyrir aðrennslisgöngin. Þar af leiðandi er þetta ansi stórdagur.“

Um hundrað manns voru viðstaddir þegar borinn fór í gegn. Af öryggisástæðum var honum ekki ýtt af fullu afli seinstu metrana og tók það um klukkustund að bora í gegnum seinasta haftið sem var tæpir tveir metrar að þykkt. Þar sem borinn var stöðvaður eru um hundrað og fimmtíu metrar upp á yfirborði.

Ómar segist hafa verið í göngunum þegar borinn braut seinasta haftið. „Það var tekið mjög vel á

móti þeim mönnum sem komu í gegnum síðasta berghaftið. Við merktum stóran hring þar sem við ætludum bornum að koma í gegn og honum skeikaði um fimmtán sentimetra á þessari fimmtán kílómetra leið. Við teljum það ansi gott,“ segir hann.

Borinn, sem kallast TBM1, verður nú tekinn í sundur og sendur úr landi. Hann fer í önnur verkefni eftir uppherslu hjá framleiðandanum. Borarnir tveir sem eru eftir, TBM2 og TBM3 bora hvor á móti öðrum og eiga eftir um tveggja kílómetra leið. - sgs

Geimskutlunni Atlantis var skotið á loft með sex geimfara innanborðs í gærðag:

Farmurinn vegur 17,5 tonn



KOMIN Á LOFT Tilgangur leiðangursins er að halda áfram uppbyggingu Alþjóðlegu geimstöðvarinnar.

MYND/AP

geimskutlunnar þegar hún tókst á loft og sköddu væng skutlunnar. Síðan þá hafa sérfræðingar NASA, geimvínsindastofnunar Bandaríkjanar, unnið að því að koma í veg fyrir að slíkt slys geti hent aftur.

Atlantis flytur einn byngsta farm sem hefur verið skotið út í geim og vegur 17,5 tonn. Þar á meðal eru tvær sólarrafhlöðoplötur sem munu framleiða raforku fyrir stöðina.

Áætlað er að senda fjórtán leiðangra í viðbót til að ljúka smíði geimstöðvarinnar fyrir árið 2010. Mun NASA þá snúa athygli sinni að tunglinu og mars. - sgs

Líkamsáras í Bandaríkjunum:
Barði konu með dauðum hundi

BANDARÍKIN Kona á fertugsaldri hefur verið fundin sek um að slá aðra konu ítrekað í höfuðið með dauðum chihuahua-hundi. Konan, Lisa Hopfer, gaði átt yfir hófði sér allt að átján mánaða fangelsisdóm fyrir árasina. Þetta kemur fram á vef bandaríkska dagblaðsins St. Lois Today.

Í réttarhöldunum hélt fórnarlamb árásarinna því fram að Hopfer hefði hringt dyrabjöllu hennar margoft og ruðst inn þegar hundin var opnuð, vopnuð hundinum. Upphófst þá barsmíðarnar og var hundinum slegið í höfuð konunnar að minnsta kosti þrjátíu sinnum. - sgs

Afleiðingar hryðjuverkanna:
Hræðsla við íslamska trú

HYRÐJUVERK Tveir glæpir voru framdir með hryðjuverkaárárunum á Bandaríkin þann 11. september árið 2001 að sögn Mohammads Khatami, fyrrverandi Íransforseta.



Púsundir almennta borgarar voru myrtir og glæpurinn síðan sagður framinn í nafni múhameðstrúar. Khatami hélt ráðið að ráðstefnu samtaka sem vinna að bættum samskiptum milli Bandaríkjanna og íslamskra ríkja bar sem hann sagði afleiðingu árásanna vera of sahræðslu við íslamska siði, menningu og trú. Hvatti hann bandaríksa múslima til að sýna löndum sínum fram á hið sanna um trú sína. - sgs



JÓN BJÖRGVINSSON Segir eyðilegginguna í þessu stutta striði skelfileg.

Jón Björgvinsson í Libanon:
Myndaði striðið í sjö vikur

LÍBANON „Heilu fjölskyldurnar höfðu brunnið inni í bílum þar sem þær voru að reyna að flýja af staðnum. Sjúklingar sem höfðu bjargast úr húsarústum lágu kannski á sjúkrabórum í sjúkrabíl þegar þeir urðu fyrir sprengingu,“ segir Jón Björgvinsson kvíkmyndagerðarmaður. Jón hefur verið í Libanon í sjö vikur og sent erlendum fréttastofnum myndir af átökum við Ísraelsmenn. Hann segir að sprengingarnar hafi verið gríðarlegar og eyðileggingin í þessu stutta striði hafi verið skelfileg. - ghs /sjá síðu 14



Guðjón, er sundrung í Frjálslynda flokknum?

Nei, þar er sko engin sundrung."

Guðjón Arnar Kristjánsson alþingismaður og flokksbróðir hans Sigurjón Þórðarson eru báðir miklir sundkappar. Guðjón syndir að minnsta kosti tvísvar í viku sér til heilsubótar en segir Sigurjón mun meiri sundgarp.

Sprengjugabb úr heimasíma:

Prestur hótar Madonnu

HOLLAND Hollenskur prestur hefur viðurkennt að hafa staðið fyrir sprengjugabbi í síma í

tilraun til að koma í veg fyrir tónleika bandarísku söngkonunnar Madonnu. Presturinn notaði heimilis-símann og var því handtekinn fljóttlega.

Sýning Madonnu bar sem krossfesting en sett á svíð hefur farið fyrir brjóstíð á kristnum mönnum á Ítalíu og í Þýskalandi en sýningarnar fara samt fram í Amsterdam í dag og á morgun. Símahótunin er fyrsta afbrot prestsins og því er líklegt að hann fái ekki punga refsingu, að sögn BBC. - ghs



SKRÍÐYRAGARDURINN Fjölmargir hafa lagt leið sína að skriðyragardónum til að votta minningu krókdílafangarans virðingu sína.

MYND/AP

Krókdílafangarinn kvaddur:

Var minnst í skriðyragardí

ÁSTRALÍA, AP Jarðarför krókdílafangarans Steves Irwin, sem lést eftir að hafa fengið brodd úr hala stingskötu í hjartastað á mánuðaginn, verður haldin í kyrrþey á næstu dögum að sögn umbodsmanns Irwin.

Astralskríðarför fjölmölar greindu frá því í gær að lík Irwin hefði verið flutt í Australia Zoo-skriðyragardóinn, sem faðir hans stofnaði á áttunda áratugnum, þar sem lítil minningaráthöfn var haldin.

Almenningur mun fá tækifæri til að votta honum virðingu sína við stóra minningaráthöfn sem verður haldin fljóttlega eftir jarðarförina. - ghs

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ók á staur á Akureyri

Ökumaður ók á staur við Kaupvangstræti á Akureyri á fimmta tímanum í gærmorgun. Hann slasaðist ekki og er grunaður um ölvunararkstur. Málið var afgreitt um morguninn og ökumannum sleppt að því loknu.

Kveikt í plastkari

Kveikt var í plastkari í Skeifunni í Reykjavík á fimmta tímanum í gærmorgun. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var sent á vettvang og gekk greiðlega að slökkva eldinn.

Leki varð í smáum kjarnakljúfi sem notaður er til rannsókna:

Kjarnakljúfi lokað í Noregi

NOREGUR, AP Loka þurfti litlum kjarnakljúfi í Noregi aðfaranótt laugardags, þegar aðvörunarbjöllur fóru í gang vegna leka. Vart varð við aukna geislun í klefa sem kjarnakljúfurinn, sem notaður er til rannsókna, er í og sloknaði þá sjálfkrafa á honum.

Í fréttatilkynningu sem Geislavarnir norska ríkisins sendu frá sér í gærðag segir að ekki hafi mælst geislun yfir viðmiðunarmörkum utan við klefann. Málið er í rannsókni og er talið líklegt að aukin geislun í klefanum hafi staðað af leka á keilavtni.

Norsk stjórnvöld leggja bann við kjarnorkuverum og kjarnorkuvopn-

um á norski grundu en þó eru tveir kjarnakljúfar reknir þar í rannsóknarskyni.

Atvikið attí sér stað í kjarnakljúfi við norsku Orku- og tæknistofnunina í Kjeller við Lillehammer, um tuttugu kilómetrum norðaustur Ósló.

Enginn var inni í salnum þegar bjöllurnar fóru í gang. „Það var aldrei nein hætta á ferðum,“ segir Atle Valseth, öryggisstjóri við stofnunina, við Expressen.

Kjarnakljúfurinn, sem kallast JEEP II, var gangsettur árið 1966 og er knúinn af auðguðu úrani. Er hann notaður til rannsókna í eðlisfræði og læknisfræði. - sdg



ALPJÓÐAKJARNORKUMÁLASTOFNUNIN
Samkvæmt venju mun Alpjóðakjarnorkumálastofnunin taka málið til skoðunar.

Eldur í íbúðarhúsi í Kópavogi:

Íbúar komust út af sjálfsdáðum

SLÖKKVILIÐ Eldur kviknaði í kjallara íbúðarhúss á Hlíðarvegi í Kópavogi um sexleytið í gærmorgun. Íbúar kjallarans urðu eldsins varir og komu sér út af sjálfsdáðum. Það sama gerði fjögurra manna fjölskylda sem býr á efri hæð hússins. Tveir voru fluttir á sjúkrahús vegna gruns um reykeitrun.

Að sögn talsmanns slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins var eldurinn ekki mikill en talsvert um reyk. Reykkafarar fóru inn í kjallarann og var húsið reykræst í kjölfarið. Ekki liggur fyrir hvert tjónið er af völdum elds, reyks og sóts. - sdg

Sprengjugabb úr heimasíma:

Prestur hótar Madonnu

HOLLAND Hollenskur prestur hefur viðurkennt að hafa staðið fyrir sprengjugabbi í síma í

tilraun til að koma í veg fyrir tónleika bandarísku söngkonunnar Madonnu. Presturinn notaði heimilis-símann og var því handtekinn fljóttlega.

Sýning Madonnu bar sem krossfesting en sett á svíð hefur farið fyrir brjóstíð á kristnum mönnum á Ítalíu og í Þýskalandi en sýningarnar fara samt fram í Amsterdam í dag og á morgun. Símahótunin er fyrsta afbrot prestsins og því er líklegt að hann fái ekki punga refsingu, að sögn BBC. - ghs



HERPOTA Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI Það hefur ekki haft nein áhrif á flugumferðarstjórn þó að varnarliðið hafi ekki sinnt eftirliti með óþekktum flugvélum í íslenskri lofthelgi síðustu vikur.

Flugmálastjórn gæti tekið við eftirlitinu

Flugumferðarstjórn hefur ekki orðið fyrir neinum áhrifum þó að herinn hafi hætt eftirliti með flugumferð. Flugmálastjórn gæti tekið við eftirlitshlutverkinu, að mati flugmálastjóra. Varaformaður Samfylkingarinnar vill að Nató

LOFTHELGIN Flugmálastjórn gæti séð um eftirlit með allri flugumferð í íslenskri lofthelgi, líka óþekktum flugvélum sem ekki senda frá sér merki. „Við gætum haft eftirlit með allri flugumferð, jafnvel þeirri sem ekki gerir endilega vart við sig,“ segir Porseir Pálsson flugmálastjóri. Porseir segist ekkert geta sagt hvað það myndi kosta stofnunina að taka yfir eftirlittið.



PORSEIR PÁLSSON FLUGMÁLASTJÓRI

Segist ekki geta sagt til um hvað það myndi kosta stofnunina að taka yfir eftirlittið.

ónnur sjónarmið sem koma upp en við flugumferðarstjórn.“

Varnarliðið hætti að fylgjast með merkjum frá ratsjárstöðvum fyrir nokkrum vikum og hefur það ekki haft nein áhrif á flugumferðarstjórn. „Það skiptir mál að vita hvar þessar flugvélar eru til að geta eftir atviku beint borgaralegri umferð frá henni ef um slíkt er að ræða. En mér vitanlega hefur ekki verið um slíka umferð að ræða á undanförnum árum,“ segir Porseir.

Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, telur nauðsynlegt að fylgjast með allri flugumferð við Ísland, svæðið sé stórt og flugumferðin ekkert einkamál einnir þjóðar. „Betta er hagsmunamál allra Nató-ríkjanna. Það er óliklegt að eitthvað gerist en við þurfum að vera viðbúin. Við þurfum að vona það besta en búast við því versta,“ segir hann og telur eðlilegt að Nató komi að kostnaðum og hvetur til þess að málið verði tekið upp í utanrikismálanefnd.

„Ratsjárstofnun gegnir mikilvægu hlutverki. Það skiptir málí fyrir Ísland hvað varðar borgaralegri umferð frá henni ef um slíkt er að ræða. Það er ekki komin niðurstaða í þær viðræður,“ segir Valgerður Sverrisdóttir utanríkismálaráðherra.

ghs@frettabladid.is

Deila Ísrael og Palestínu:
Olmert vill fund með Abbas

MÍÐ-AUSTURLÖND Ehud Olmert, forsetiðarherra Ísrael, segist tilbúinn til formlegra viðræðona við Mahmoud Abbas, forseta Palestínumanna. Olmert tilkynnti þetta að loknum fundi sínum með Tony Blair, forsetiðarherra Bretlands, sem fór fram í Jerúalem í gær.

Olmert sagðist vilja hitta Abbas til að vinna að árangursríkri framvindu mála og að helsta forgangsverkefnið væri að láta lausan ísraeliska hermanninn Gilad Shalit, sem var raent í sumar af herskáum Palestínumönnum.

Olmert og Abbas hafa ekki hist síðan Olmert tók við sem forsetiðarherra. - sdg



Í LEIKTÆKI Þessar stúlkur skemmtu sér augljóslega vel á Grafarvogsdeginum sem var haldinn hátiðlegur í gær.

Grafarvogsdagurinn:
Mennt er máttur í Grafarvoginum

HÁTIÐ Grafarvogsburar gerðu sér glaðan dag í gær þegar haldið var upp á Grafarvogsdaginn.

Hátiðarhöldin fóru fram í og við Borgarholtskóla og heppnáðist dagurinn vel. Frít var í strætó á meðan hátiðahöldunum stóð, en með því var verið að hvetja gesti til að skilja bílinn eftir heima og taka strætó.

Grafarvogsdagurinn hefur verið haldinn á hverju ári síðan 1998 og var bemað í ár „ABC - Mennt er máttur“. - sdg

Finnland:

Hálf milljón með mígreni

FINNLAND Yfir hálf milljón Finna bjáist af mígreni. Þó að verkurinn sé einstaklega erfiður reynir stórhliuti af sjúklingunum að þjarga sér sjálfrí og leita ekki til læknis. Þetta kemur fram á fréttavef Helsingin Sanomat.

Mígreni er algengara en astmi eða sykursýki í Evrópu, að mati finnsku mígrenisamtakana. Tiundi hver maður bjáist af mígreni. Mígreni er algengara hjá konum en körlum og getur höfuðverkurinn tengst sjón og slæmri líðan.


FÉLAGSMÁL

Lögreglustjórafelag Íslands

Stofnfundur Lögreglustjórafélags Íslands var haldinn í gær. Í félaginu eru allir lögreglustjórar og aðstoðarlögreglustjórar sem sinna munu þeim störfum eftir 1. janúar 2007.




SAFNAÐ Í BAUK Meðal þeirra sem styrktu söfnunina var þessi unga Akureyrarmær sem létt pening í bauk forseta Íslands á Glerártorgi.



Nálastunga



Fatnaður og skór



Lithimmugreining



Sjúkravörur



Snyrtivörur



Veitingar



Fjármál og tryggingar

KOMDU OG PRÓFAÐU ALLT Í EGILSHÖLL!



Bardagaþróttir



Nám



Iþróttir



Náttúrulyf



Heilsurúm



Yoga og slökun




Fæðubótarefnir



Hjúkrun



Líkamsbeiting



Tennur



Fjölskylduskemmtun



Húsgögn



Sælkeramatur



Fræðsluefnir



Líkamsmælingar



Vatnaspert



Heilsufæði



Hjarta



Box



Boltaþróttir



Sýningarátriði

GOTT FOLK McCANN

3L Expo í Egilshöll 7.-11. september hefur upp á margt að bjóða bæði fyrir fjölskylduna og fagfólk. Þar standur þér til boða að hlýða á fróðlegar kynningar um málefni tengd heilsu og vellíðan, sjá mörg skemmtileg sýningarátriði á meðan þú handleikur og skoðar allt það sem sýnendur hafa fram að færa. Þú getur einnig prófað alls kyns spennandi hluti sem ekki bjóðast á hverjum degi. Fjöldi tilboða á vörum og þjónustu verða alla sýningardagana, en á mánudeginum mun ríkja skemmtileg markaðsstemning þar sem sýningargestir hafa kost að gera enn betri kaup.

Hægt verður að prófa alls kyns hluti t.d.:

- Margvíslegt nudd s.s. nuddstóla, vatnsnudd, rúm með nuddi, höfuðnudd, andlitsnudd o.fl.
- Margar gerðir af líkamsrækt
- Köfun með fullum köfunarbúnaði
- Skvass í sérinfluttum gegnsæjum skvasssal
- Box

MIÐAVERÐ

Miðinn gildir alla dagana og gestir geta komið aftur og aftur.
Fullorðnir 1400 kr.
Börn 6 - 12 ára 600 kr.
Elli- og örorkulifeyrisþegar 900 kr.
Ókeypis fyrir börn 5 ára og yngri

INNIFALIÐ Í MIÐAVERÐI:

- Einn tími í herþálfun hjá Heilsukademíunni
- Einn tími í Rope yoga hjá Heilsukademíunni
- Frítt á skauta fyrir two í Egilshöll
- Frí vika í líkamsræktarstöðinni Orkuverinu

GESTIR BORGA EKKERT AUKALEGA Í BARNALANDIÐ, Á SKAUTASVELLIÐ OG FYRILLESTRA.

OPNUNARTÍMI

Sunnudagur
11:00 - 17:00

Mánudagur
16:00 - 19:00
Markaðsdagur - Frítt inn



www.3lexpo.is | 594 9670

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	71,34 71,68
Sterlingspund	133,5 134,14
Evra	90,67 91,17
Dönsk króna	12,15 12,222
Norsk króna	11,016 11,08
Sænskróna	9,728 9,728
Japansk jen	0,6122 0,6122
SDR	105,54 106,16
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR	125,2255
HEIMILD: Seðlabanki Íslands	

Eina matvöruverslunin á Þórshöfn gjaldþrota:

Samkaup skoða kaup á Lóni

VERS'LUN Prír íhuga kaup á rekstri Lóns á Þórshöfn, en eigendur verslunarinnar óskuðu eftir að hún yrði tekin til gjaldþrotasípta fyrir helgi. Fyrirtækið Samkaup er meðal beirra sem sýnt hafa áhuga.

Lónið er eina matvöruverslunin á Þórshöfn og hefur auk þess rekið bensínstöð og brauðgerð. Olíufélagið mun taka við rekstri bensínstöðvarinnar og verður hún opin áfram.

„Það hefur ekkert tilboð borist enn, en þrír hafa sýnt áhuga á kaupum,“ segir Hreinn Páls-son, lögmaður og skiptastjóri Lóns. Hann segir að Samkaup sé

í þeim hópi og að fulltrúar fyrirtækisins hafi verið á Þórshöfn á föstudag að skoða húsakost og aðstæður. Þá hafi aðilar í nágrenni Þórshafnar einnig sýnt áhuga á að kaupa reksturnin.

Hreinn segir stefnt að því að halda versluninni opinn næstu daga. Ef verslunin lokar verður langt fyrir síða Þórshafnar að sækja matvöru því næsta matvöruverslun er á Vopnafirði, í um sjótfíu kílómetra fjarlægð.

„Það er von okkar að sterkir aðilar komi að rekstrinum og það sem fyrst,“ segir Björn Ingimarsson sveitarstjóri.

- ðóhó



SAMKAUP Lónið, eina matvöruverslunin á Þórshöfn, hefur lýst sig gjaldþrota. Næsta matvöruverslun er í sjótfíu kílómetra fjarlægð.

Sænskur sokkaþjófur náðist:

Stal sokkum af konu í hjólastól

SVÍPJÓÐ Sænskur karlmaður á fertugsaldri hefur viðurkennt að hafa veist að konu í hjólastól og haft á brott með sér skó hennar og sokka. Hann er grunaður um að hafa ráðist á fleiri fatlaðar konur og stolið af þeim sokkunum. Þetta kemur fram á vef sænska dagblaðsins Dagens Nyheter.

Maðurinn hefur verið kærður fyrir líkamsáras og situr í gæsluvarðhaldi á meðan löggregla rannsakar svipaða glæpi í nágrenni Örebro. Við húslit hjá honum fundust mörg hundruð nælonsokkar, bæði notaðir og nýir sem enn voru í umbúdunum.

- sþs

Áatak í Kaupmannahöfn:
Fleiri einhleypa ferðamenn

DANMÖRK Ferðamálaráð Kaupmannahafnar hyggst hrinda af stað átaki til að fjölga einhleypum ferðamönnum í borginni. Segir talsmaður ráðsins í viðtali við Politiken í gær að einhleypt fólk ferðist minna en þeir sem eru lofaðir, þar sem þeir hafi engan til að upplifa ferðalagið með.

Því sé ætlunin að bjóða þessum hópi upp á sérsviðna dagskrá þar sem það fær tækifæri til að njóta borgarinnar í félagi við aðra einhleypa.

Atvinnumálin gnæfa yfir önnur kosningamál

Fereykinu sem fer fyrir kosningabandalagi borgaralegu flokkanna fyrir þingkosningarnar í Svíþjóð var klappað lof í lófa á kosningafundi í miðbæ Malmö í gær. Samkvæmt nýrri könnun hafa borgaraflokkarnir um hálfs prósentustigs fylgisforskat á vinstriflokkana. Fréttablaðið var á fundinum.

SVÍPJÓÐ Það fer ekki á milli mála hvaða er aðalkosningamálið í huga sænskra kjósenda fyrir þingkosningarnar næstkomandi sunnudag, að minnsta kosti ef marka má þá kjósendur sem blaðamaður Fréttablaðsins hitti á kosningafundi í miðbæ Malmö í gær, bar sem fereykið sem fer fyrir kosningabandalagi borgaralegu flokkanna talaði.

Pau Fredrik Reinfeldt, formaður Hægrifloksins og forsætisráðherraefni „samfylkingar“-flokk

Fólkid á götunni



Gösta Jiggin, Malmö-búi sem er nýlega farinn á eftirlaun, segir þá einingu sem fereykið hefur sýnt í kosningabaráttunni helsta styrk þess og til þess fallna að gera horfunar góðar á stjórnarskiptum.

Azad Amin, sem mætti á kosningafundiinni ásamt tíu mánaða gömlum syni sínum, segir líka að atvinnuleysi sé erfðasta vandamálið sem



Svíar eigi við að stríða um þessar mundir; jafnaðarmenn loki að mestu augunum fyrir því og borgaraflokkarnir hafi trúverðugustu tillögurnar til úrbóta. Amin segist hafa flutt til Svíþjóðar fyrir 23 árum, frá Kúrdahérúðunum í Norður-Írak.

Kosningar í Svíþjóð



anna fjögurra sem stefna að því að fella hina paulsætrum ríkisstjórn jafnaðarmanna, Göran Hägglund, formaður Kristilega demókratafloksins, Maud Olofsson, formaður Miðfloksins og Lars Leijonborg, formaður Þjóðarfloksins, komu því skýrt til skila á fundinum, að atvinnumálin gnæfa yfir önnur málefni kosningabaráttunnar. Og sá boðskapur virðist komast vel til skila hjá þeim að giska fimm hundruð Malmö-búum sem á hlýddu á miðbæjartorginu Stortorget í blíðskaparveðri á þessum laugardagseftirmiddagi.

Aheyrendur sem Fréttablaðið talaði við voru á einu máli um að betta væri það málefni sem örðu fremur gerði það brýnt að af stjórnarskiptum verði eftir 17. september.

Atvinnuleysi er mjög mikil í röðum innflyttjenda í Svíþjóð. Samkvæmt opinberum tölum eru um sex prósent landsmanna atvinnulaus, en eins og bent er að í ítarlegri umfjöllun í nýjasta hefti brezka vikuritsins The Economist, eru sænsk stjórnvöld stórtæk i að frega atvinnuleysisstörlurnar, en það er gert meðal annars með því að telja ekki þá með sem farið hafa snemma á eftirlaun, námsmenn sem frekar vildu vera úti á vinnumarkaðnum og fólk sem er í atvinnubótavinnu á kostnað ríkisins. Grunsamlega hátt hlutfull fólk sem er í langtímeinkinda lofti er einnig talið vera í vinnu. Fastlega er gert ráð fyrir að



FJÖLMENNI Á ÚTIFUNDI Um fimm hundruð manns hlýddu á frambjóðendum.



FEREYKJÓÐ Fredrik Reinfeldt, Göran Hägglund, Maud Olofsson og Lars Leijonborg tölzuðu á fundinum í Malmö í gær.

bessi mál verði enn og aftur í brennidipli er Göran Persson forsætisráðherra og Fredrik Reinfeldt mætast í síðasta sjónvarpskapparræðueinvígum í sænska ríkissjónvarpinu í kvöld.

Tölvunjóns-hneykslið svokallaða, sem setti hin eiginlegu kosningamál í skuggann í nýliðinni víku

og hrakti forsvarsmenn Þjóðarfloksins í mikla vörn, virðist ekki ætla að hafa mikil áhrif á fylkinganna tveggja, ef marka má skoðanakannanir sem niðurstöður voru birtar úr í gær. Í könnun sem gerð var fyrir Dagens Nyheter hafa borgaraflokkarnir nái um hálfs prósentustigs fylgisforskat á vinstriflokkana. Í könnun sem birt var í Svenska Dagbladet mælist vinstrifylkingin með örliðið forsokt. Munurinn á fylgi fylkinganna er í báðum könnunum innan skekkjumarka.

Það er því eflaust ekki ofmælt, sem Fredrik Reinfeldt lýsti yfir að Stóra torgi í Malmö í gær: Allt stefnir í að kosningarnar næsta sunnudag verði þær mest spennandi sem fram hafa farið í Svíþjóð í áratugi.

audunn@frettabladid.is

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.


550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

VEÐURSPÁ

um hádegi »



* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

FJÖLSKYLDU-HÁTIÐ SPK

*SPK býður til stórskemmtilegrar
fjölskylduhátiðar á 50 ára afmælisári!*

Í dag sunnudaginn
10. september
frá kl. 15-17

fyrir utan þjónustustað
Sparisjóðs Kópavogs
við Hlíðasmára 19



Frábær skemmtiatriði

- Bríet Sunna og Ingó Idolstjörnur mæta og syngja nokkur vel valin lög
- Kristín Inga og Kristjana, vinningshafar söngkeppni SAMFÉS 2006, taka lagið
- Klettur og Lukka úr söngleiknum Hafið Bláa skemmta yngstu krökkunum
- Grillaðar pylsur, gos, popp og afmæliskaka í boði fyrir gesti
- Andlitsmálun og hoppukastali fyrir krakkana
- Allir krakkar fá blöðrur frá Króna og Krónu

Kynnir hátiðarinnar er Jóhann G. Jóhannsson



MUNIÐ AÐ KOMA MEÐ LUKKUMIÐANN!

Króni og Króna draga út einn heppinn vinningshafa sem fær 100.000 kr. gjafabréf sem gildir fyrir flug og hótel.



**KJÖRKASSINN**

Tekur þú þátt í Gögum til góðs fyrir Rauða krossinn?

Já **26%**
Nei **74%**

SPURNING DAGSINS Í DAG

Hefurðu lesið ljóð á árinu?

Segðu þína skoðun á Vísí.is

Sænskir læknar gera mistök:

Fundu ekki eistu í stúlkum

SVÍPJDÓP Læknir í Umeå í Svíþjóð gerði þau hrapallegu mistök nýlega að skera upp fjörtán ára stúlkum til að fjarlægja eistu hennar. Í uppskurðinum fundust engin eistu í líkamanum. Sjúklungurinn reyndist ósköp venjuleg stúlka, að sögn vefutgáfu Dagens Nyheter.

Mistök urðu með niðurstöðu blóðprófa á sjúkrahúsini og varð ruglingur með sýni stúlkunnar og drengs með sama eftirnafn sem fæddur var sama ár og til heimilis í sama bæ. Í stað þess að senda stúlkuna til rannsóknar á öðru sjúkrahúsi var hún skorin upp.

- ghs



BARNAHÚS Fleiri börn mæta til skýrslutöku í dómshúsi en Barnahúsi.

Dómarar nota ekki Barnahús:

186 viðtöl í Barnahúsi

SAMFÉLAGSMÁL Alls voru 186 rannsóknarviðtöl tekin við börn í Barnahúsi á síðsta ári vegna gruns um að þau hefðu sætt kynferðisofbeldi.

Bragi Guðbrandsson forstjóri segir að árin 2004 og 2005 hafi fleiri börn þurft að mæta í dómshús en Barnahús vegna skýrslutöku. „Flestir dómarar í landinu notfæra sér Barnahús en dómarar við Héraðsdóm Reykjavíkur hafa ekki gert það en þar eru flest málín tekin fyrir.“ Bragi segir þetta geta orðið til þess að reykvisk börn þurfi að fara á margra staði vegna skýrslutöku, greiningar og meðferðar.

- hss

LÖGRELUFRÉTT**Með bílpróf í fjóra daga**

Lögreglan á Selfossi stöðvaði í gær ungan ökumann á Hellisheiðinni sem ók á 156 kilómetra hræða á klukkustund. Hann má búast við að verða sviptur ökuleyi fólk þess að fá háa sekt. Hann fékk bílprófið fyrir fjórum dögum.



Námið opnaði mér margar nýja og spennandi möguleika og gerði mína vinnu bæði auðveldari, skemmtilegri og markvissari.

Nú get ég boðið mínum kúnum upp á breiðari heim upplýsinga og mun auðveldara viðhald ...

Kristín Jóna Þorsteinsdóttir
Grafískur miðlari og veftsmiður

VEFSÍÐUGERÐ

Alvöru námskeið í vefsíðugerð þar sem farið er í alla mikilvægustu þætti vefhönnunar s.s. útlitshönnun, myndvinnslu, HTML-kóðun, gagnagrunnsfræði, Javascript, uppsetningu og viðhald bæði minni og stærri vefsíða.

Mikil áhersla er lögð á verklegar æfingar og í lok námskeiðs ætti nemandi að hafa lokið við eigin vef frá hugmynd að fullnunu vefsíða.

Námskeiðinu er skipt í þrjá hluta:

- 1 - Myndvinnsla fyrir vefinn með Fireworks
- 2 - Almenn vefsíðugerð með Dreamweaver
- 3 - Gagnagrunnstengd vefsíðugerð með Dreamweaver

Kennt þri. og fim kl. 18:00 - 22:00 og lau 13:00 - 17:00.

Hefst 19. sept. og lýkur 7. des.



UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS

Hörð barátta hjá sjálfstæðismönnum í Suðurkjördæmi:

Sex takast á um efstu sætin

STJÓRNMÁL Sex, jafnvel sjö, stjórn-málamenn takast á um efstu sætin á lista sjálfstæðismanna í Suðurkjördæmi fyrir alþingiskosningarnar næsta vor. Hörð barátta verður um efsta sæti.

Arni Mathiesen fjármálaráðherra gefur kost á sér í fyrrverandi varapringmaður, stefni að fyrsta sætinu. Drifa Hjartardóttir alþingiskona stefnir á annað sæti og Guðjón Hjörleifsson þingmaður á annað til þriðja sæti. Gunnar Örn Öryggsson alþingismaður gefur kost á sér í þriðja til fjórða sæti.

Arni Johnsen, fyrrverandi þingmaður, vill ekkert segja um stöðuna

í framboðsmálum í kjördæminu eða hvort hann hyggur á framboð í vor.

Ákvörðun um prófkjör verður tekin í kjördæmisráði Sjálfstæðisflokkssins í Suðurkjördæmi í lok september.



Á ALÞINGI Marga langar á þing úr Suðurkjördæmi og er ljóst að sex, jafnvel sjö, alþingismenn og fyrrverandi alþingismenn munu takast á um þrjú efstu sætin í prófkjöri flokkssins í vetrur.

PlayStation 3 í Evrópu:

Útgáfu seinkað fram í mars

TÖLVULEIKIR Útgáfu leikjatölvunnar PlayStation 3 í Evrópu hefur verið frestað fram í mars á næsta ári.

Tölvun verður gefin út í Bandaríkjunum og Japan í nóvember, en þá átti hún líka að koma út í Evrópu. Sony kennir vandræðum í fjöldaframleiðslu Blu-Ray geisladrifanna um seinkunina.

Seinkunin hefur í för með sér að Microsoft og Nintendo, keppinautar Sony sem framleiða leikjatölvurnar Xbox 360 og Wii, sitja einir að jólakökunni í Evrópu í ár á meðan Sony situr úti í kuldalanum.

- sbs

Fjórtán ára daglegir neytendur fíkniefna

Fjórtán ára gömul börn, sem eru daglegir neytendur fíkniefna, hafa reglulega leitað sér lækninga á meðferðarheimilum. Forstöðumaður Barnaverndarstofu segir árangur af forvarnarstarfi meðal grunnskólabarna vera ótvíræðan.

FÍKNIEFNI Fjórtán ára gömul börn sem neytt hafa fíkniefna daglega um nokkurt skeið hafa reglulega leitað eftir að komast í meðferð að meðferðarheimilum SÁÁ.

Þetta segir Þórarinn Tyrfingsson, forstöðumaður SÁÁ, en hann segir þess háttar tilfelli oft erfið viðureignar. „Við sjáum fólk hjá okkur sem er í kringum fjórtán ára aldur sem hefur verið í daglegri neyslu fíkniefna um nokkurt skeið. Það eru undantekningar en betta kemur reglulega upp, hví miður,“ segir Þórarinn. „Það eru misjafnar ástæður að baki hverju atviki fyrir sig en þegar börn eru byrjuð að leita í vínumjafa betta ung er oftar en ekki mikill vínumfnafnandi í fjölskyldu viðkomandi. En svo geta einnig verið fleiri og flóknari ástæður að baki.“

Lögreglan í Reykjavík hafði afskipti af ellefu ára gömlum dreng í byrjun mánaðarins en hann hafði í fórum sínum kannabisfni og töflur sem ætlaðar voru til neyslu. Lögreglan vinnur að rannsókn málins ásamt barna-



BRAGI GUÐBRANDSSON Segir forvarnarstarf hafa skilað góðum árangri.



FÍKNIEFNI GERÐ UPPTÆK Að sögn forstöðumanns Barnaverndarstofu hefur góður árangur náðst í baráttunni gegn fíkniefnavandana í grunnskólam landsins. Hér sjást lögreglumenn gera fíkniefni upptæk í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



ÞÓRARINN TYRFINGSSON Nauðsynlegt að vinna stöðugt að upprætingu vandans.

astandið í þessum efnun hafi farið batnandi á síðustu árum. Kannanir á meðal skólabarna sýna okkur að neysla hefur minnkað og ég bækka hví ekki síst hækkan á sjálfræðisaldri sem gerði það að verkum að foreldrar fóru að geta gripið með áhrifarískari hætti inn í atburðarásina í fleiri tilfellum.“

magnush@frettabladid.is

Níu þúsund starfandi erlendir ríkisborgarar á Íslandi í fyrra:

Karlmann um þriðjungi fleiri

ATVINNA Starfandi erlendir ríkisborgarar á Íslandi voru 9.010 í fyrra eða 5,5 prósent af heildarfjölda starfandi sem er aukning um 3,2 prósent frá árinu 1998 samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands.

Árið 1998 voru 1.870 konur með erlent ríkisfang starfandi á móti 1.530 körlum. Hlutföllin hafa síðan snúist við og voru karlar 5.350 í fyrra á móti 3.650 konum starfandi eða um þriðjungi fleiri.

Í fyrra störfuðu 4.420 erlendir ríkisborgarar á höfuðborgarsvæðisins störfuðu flestir erlendir ríkisborgarar á Austurlandi eða 1.790.

Af öllum starfandi árið 2005 störfuðu flestir við þjónstugreinir eða 72 prósent og næstflestir við iðngreinar eða 23 prósent. Fæstir starfa við frumvinnslu-

FJÖLDI STARFANDI ERLENDRA RÍKISBORGARA Á ÍSLANDI

	Konur	Karlar
1998	1.870	1.530
2000	2.730	2.510
2002	3.330	3.030
2005	3.650	5.350

greinar eða aðeins fimm prósent.

Innan iðngreinanna starfa flestir erlendir ríkisborgarar við mannvirkjagerð eða 1.890 og hafði þeim fjölgð um 1.770 frá árinu 1998. Flestir voru þeir á Austurlandi eða 1.170.

Árið 2005 voru flestir starfandi erlendir ríkisborgarar pólskir eða 1.970. Naest á eftir koma ríkisborgarar frá Danmörku, Filippseyjum, Portúgal og Þýskalandi eða 500 frá hverju landi.



ERLENDAR VERKAKONUR Starfandi konum með erlendan ríkisborgararétt hefur fjölgð um 4 prósent frá árinu 1998 á meðan karlmönnum hefur fjölgð um 72 prósent á sama tíma.

- sdg

HAUSTDAGAR



„PROMO“ BORDSTOFUBORD + 4 STÓLAR
Nýkomíð þetta glæsilega borðstofufsett. Lakkad viðarborð og stólar í stíl með sessu úr microfiberáklæði sem auðveldt er að þrífa. Litur kaffibrúnn. Ótrulegt verð á frábæru borðstofufetti!

Borð 12.900,- Stóll 4.990,-

BORD + 4 STÓLAR

24.900,-



3.990,-

18 LTR. STÁLPOTTUR

Góður 18 lítra stálpottur. Vandaður og góður pottur með 3ja laga botni. Má fara í uppþrottavél.



14.900,-

SAUMAVÉL

Kraftmikil og góð Husqvarna saumavél. Hægt að velja milli 19 mismunandi sauma. Margir fylgihlutir ásamt pedala. Gerðu góð kaup!



1.290,-

„TOP ROLLER“ PLASTKASSI
Góður plastkassi á hjólmum. St. 60x40x35 sm.



VERÐ ÁÐUR 3.990,-

2.990,-

„SENSUS“ HEILSKODDI

Frábær heilsukoddi sem tryggir réttu stöðu hálsins og axlanna. Þyngd 700 gr. Stærð á kodda er 45 x 32 sm. Þórir þvott við 40°C.



ALLT SETTID 16 STK.
2.990,-

„NIKKO“ MATARSTELL

Vorum að fá betta glæsilega matarstell. 16 hlutir saman í kassa. Stellið fæst í beige eða svörtum lit. Má þvo í uppþrottavél.

„RIKARD“ BASTKÖRFUR

Smekklegar bastkörfur með handfangi. 3 stærðir fáanlegar. Lítill 399,- Miðstærð 690,- Stór 990,-

VERÐ FRÁ:
399,-



50 X 50 SM
499,-

80 X 80 SM
690,-

SKINNLÍKISPÚDAVER - TVÆR STÆRDIR

Einlit, mjög smekklegr skinnlíkispúðaver í tveimur stærðum og 3 litum. Stærðir á þúðum 50 x 50 sm og 80 x 80 sm.


**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐID • HEIMILID
www.rumfatalagerinn.is



VERÐ ÁÐUR 19.900,-

16.900,-

„ANDROMEDA“ SÆNG

Lúxus gæðadúnssæng fyllt með 600 gr. af kanadískum gæsdadún. Sérlega vandað og mjúkt utanyfirver, með höndlað með Aloe Vera jurtinni sem gerir þessa sæng að algjörri draumasæng! Stærð 135 x 200 sm.





- 1 Hvað heitir söfnun Rauða krossins sem fram fór í gær?
- 2 Í hvaða hús flutti Háskólinn í Reykjavík á dögumnum?
- 3 Hvað nefnist geimferjan sem NASA skaut á loft í gær?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38

Hverfisráð miðborgar:

Ætlar að auka öryggiskennd

MÍDBORGIN Hverfisráð miðborgar ætlar að leita leiða til þess að auka öryggiskennd þeirra sem vilja sækja miðborgina heim, hvort sem er í miðri viku eða um helgar. Kannanir sýna að margir landsmenn telji að þeim sé hætta búin af því að vera í miðborginni aðkvöldi til. Þetta kemur fram í tilkynningu frá ráðinu.

Ráðið telur að skipulag menningsgarnætur hafi heppnast mjög vel og vill að lærðómur verði dreginn að löggæslunni þá. Hverfisráð miðborgar er samráðs- og samstarfsvettvangur íbúa, stofnana og fyrirtækja í miðborg Reykjavíkur.

- sps

BANDARÍKIN

Laminn með eigin fæti

Bandarískur framhaldsskólanemi var barinn með eigin gervifæti í Missouri-fylki um seinustu helgi. Tveir menn réðust á hann í bílageymslu, hrifsuðu af honum fótinn og notuðu hana sem bareflí. Arásarmennirnir sitja í varðhaldi og bíða dóms.



EYÐILEGGING Tvær sprengjur sprungu að loknu bænahaldi í mosku.

Notuðu reiðhjól til árasa:

Prjátíu fórust í sprengjuárás

INDLAND, AP Tvær sprengjur sprungu á fjölfarinni götu í bænum Malegaon á vestanverðu Indlandi í fyrrrakvöld. Rúmlega prjátíu manns fórust og hundrað særðust.

Sprengjurnar voru festar við reiðhjól og sprungu skammt frá mosku að loknu bænahaldi.

Embættismenn sögðu sprengingarnar vera hryðjuverk sem ætlað væri að espá fólk til frekara ofbeldis. Átök milli múslima og hindúa hafa löngum sett sterkan svip á borgina.

- gþ



„Pað að vera með viðurkennda þekkingu á því sem ég starfa við skiptir mig og mitt fyrirtæki öllu máli. Þar sem ég bý á Stykkishólmi þá hentaði þessi kennslutími mér einnig frábærlega.“

Sumarliði Ásgeirsson
(Fyrv. matreiðslumaður)
MCP - MCSA & Kerfisfræðingur NTV

Frábært nám með vinnu!

MCSA námið er spennandi kostur fyrir þá sem vilja starfa sem sérfraðingar við umsjón Microsoft netkerfa.

Markmiðið með náminu er að nemendur geti að námi loknu tekið þau fjögur alþjóðlegu próf sem þarf til að öðlast MCSA gráðuna og eru þau öll innifalin í námskeiðsgjaldi.

Inntökuskilyrði

Þeir sem hyggja á þetta nám þurfa að hafa góða þekkingu og skilning á Windows umhverfinu, þekkja vel innviði PC tölvunnar. Allt kennsluefni er á ensku.

Kennt er lau. frá 13-17 & sun. 8:30-16:00 aðra hverja helgi. Hefst 16.sept. og lýkur 21. jan.



UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS

Algengt að ökumenn virði ekki óbrotnar línur á þjóðvegunum:

Orsök fjölda alvarlegra slysa

UMFERD Fjölmörg alvarleg umferðarslys hafa orðið vegna aksturs yfir óbrotna línu á þjóðvegum landsins.

Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi umferðarstofu, segir mjög algengt að ekki sé yfir heilar línur og telur vist að ökumenn geri sér ekki grein fyrir hættunni sem því fylgir. „Heil lína er til að láta ökumenn víta að það er hættulegt að aka framúr og þar er leidandi er það bannad.“ segir Einar Magnús.

Að hans sögn hefur fjöldi alvarlegra slysa orðið í umferðinni vegna svona háttalags. „Það er til að fjöldi dæma um mjög alvarleg

slys vegna þess að menn taka sánsinn á þessu.“

Ásgeir Þór Ólafsson ók um Hellisheiðina á dögumnum og varð þess áskynja að ökumaður bílsins á eftir honum ætlaði að taka framúr með því að aka yfir óbrotna línu. Ásgeir fíkk samferðamann sinn til að mynda athæfið.

Hann segist oft hafa orðið vitni að akstri sem þessum. „Það þarf ekki að fara oft um Hellisheiðina að sjá svona lagað og að auki fara fjölmargir framúr á vegöxlunni vinstra megin við akreinina,“ segir Ásgeir, sem líkt og Einar Magnús hvetur menn til að láta af þessu háttalagi.

- bþs



EKÍD YFIR HEILA LÍNU Fjölmörg alvarleg umferðarslys hafa orðið þegar ökumenn aka yfir heila línu á þjóðvegunum.

Styrktarhátið í Grindavík:

Styrkja dreng með hvítblaði

STYRKTAHÁTIÐ Hátið til styrktar túna ára dreng með hvítblaði fer fram í Grindavík í dag. Meðal þeirra sem koma fram eru KK, íbúar Latabæjar, Skitamórr og Rúnar Júlíusson. Allir sem taka þátt í hátiðinni gefa sína vinnu og rennur aðgangseyririnn til fjölskyldu drengsins. Hátiðin verður haldin í Festi og hefst klukkan fimm.

Drengurinn, Frank Bergmann Brynjarsdóttir, greindist með hvítblaði fyrir á árinu og þarf að fara utan til að láta skipta um beinmerg. Foreldrar hans hafa tekið sér fri frá vinnu og munu fylgja honum út.

- sps


Óþarf sérákvæði um heimilisofbeldi

Formaður refsíréttarnefndar segir það hafa verið einróma álit nefndarinnar að sérákvæði um heimilisofbeldi væri óþarf. Ágúst Ólafur Ágústsson telur sérákvæði til bóta. Dómsmálaráðherra vill sjá hvernig lagabreytingin reynist.

OFBELDI Ákveðið var að taka ekki inn í íslensk lög sérákvæði um heimilisofbeldi þegar rætt var um breytingar á lögum til þess að laga þau að þörfum bolenda heimilisofbeldis. Frumvarp Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra var samþykkt en í því er refsíþyngingarástæða, sem hægt er að beita þegar nái tengsl gerenda og brotapaþa bykja hafa aukið grófleika verknaðar.

Róbert Ragnar Spanó, formaður refsíréttarnefndar og kennari við lagadeild Háskóla Íslands, segir það hafa verið samróma álit nefndarinnar að óþarf væri að breyta lögum á þann veg að sérákvæði um heimilisofbeldi væri komið á. „Við mátum það svo að það væri ekki ástæða til þess að setja sérstakt ákvæði í lög um heimilisofbeldi. Við mæltum hins vegar með því að sett yrði sérstakt ákvæði um að líta skuli til þess ef gerandi hefur brotið gegn nákomnum einstaklingi við ákvörðun refsíþingar. Ákvæðið er því refsíþyngingarástæða. Það var samdóma álit innan nefndarinnar að það væri ekki tilefni til þess að taka inn í lögum sérstakt ákvæði um heimilisofbeldi,“ sagði Róbert Ragnar.

Ágúst Ólafur Ágústsson, bingmaður og varaformaður Samfylkis

STARFSMENN NEYÐARLÍNUNNAR Eins og greint var frá í Fréttblaðinu hefur tilkynningum barna til Neyðarlínunnar vegna heimilisofbeldis fjölgá umtalsvert. Deilt er um hvernig best sé að bregðast við heimilisofbeldi.

FRÉTTABLAÐID/VALLI

það væri almennt viðhorf innan lögreglunnar að nauðsynlegt væri að breyta nálgunarbannslöggjöfnum á þann veg að hægt væri að beita henni betur í heimilisofbeldismálum.

Björn Bjarnason segir skynsamlegast að fylgjast náið með því hvernig breytingar á lögum skila sér gegn heimilisofbeldi á næstu árum. „Ég flutti frumvarp um breytingar á lögum varðandi heimilisofbeldi á síðasta þungi auk bess sem ég beitti mér fyrir nýjum verklagsreglum hjá löggreglu vegna heimilisofbeldis. Ég tel að fá eigi reynslu af þessum breytingum, áður en gripið verður til frekari breytinga á inntaki íslenskra laga um þetta efni.“

magnush@frettbladid.is

Litháar og Marokkóbúar búsettar hér á landi sitja inni fyrir fíkniefnamsgl:

Innflutningurinn skipulagður

LÖGREGLUMÁL Tveir Litháar sitja í gæsluvarðhaldi eftir að alls rúm ellefu klíó af ætluðu amfetamíni fundust í tveimur bifreiðum manna við komu hingað til lands með ferjunni Norrænu á Seyðisfirði á fimmudaginn.

Annar Litháinn hefur verið búsettur hér á landi um nokkurt skeið og var bifreiðin sem hann ók með íslenskum skráningarnúmerum.

Málið er í rannsókn fíkniefnadeilda lögreglunnar í Reykjavík en enn hafa engir fleiri verið handteknir í tengslum við málið.

Fjórir Marokkóbúar voru handteknir síðastliðinn fimmtudag við komuna til landsins eftir að Tölgagæslan á Keflavíkurflugvelli hafði afskipti af þeim vegna fíkniefnamsmygl. Tveir þeirra reyndust hafa

hass innvortis eftir gegnumlýsingu. Það mál er enn í rannsókn og fleiri hafa ekki verið handteknir viðriðinir málið.

Samkvæmt öruggum heimildum Fréttablaðsins er einn fjórmenninganna bróðir norður-afrísku konunnar sem kom ásamt manni og barni til landsins á dögumnum. Í fjölskylduföðurnum, sem er frá Suður-Ameríku, fundust rúmlega sjö hundruð grómm af hassi í smokkum eftir gegnumlýsingu, sem hann hafði gleyst. Allt betta fólk er búsett hér á landi og hefur ekki komið við sögu löggreglu áður.

Tengsl þessi gefa sterklega til kynna að hópur erlends fólkis, búsetts hér á landi, hafi skipulagt innflutning á hassi.

Nú sitja tólf manns í gæsluvarðhaldi vegna fíkniefnamála.

- æþe

FANGAGEYMSLUR Fjórir menn sitja nú í gæsluvarðhaldi fyrir nýleg fíkniefnamál. Tveir eru Litháar sem grípnir voru með amfetamín falið í bifreiðum og tveir Marokkóbúar sem reynðu að smygla kannabisefnum inn til landsins innovortis.

FRÉTTABLAÐID/HEIDA

- * Barnabækur
- * Handbækur
- * Kiljur
- * Ritsöfn
- * Ættfræðibækur
- * Ævisögur
- * Stórvirki

- * Skáldverk
- * Unglingabækur
- * Ljóðabækur
- * Listaverkabækur
- * Fræðibækur

OPIÐ
kl. 11-19

LAGERSALA EDDU

Fellsmúla 28 (gamla World Class húsið)

Við rýmum fyrir jólabókunum
Um 1500 bókatitlar undir 1.000 kr.



199
kr.

399
kr.

599
kr.

799
kr.

999
kr.

Frábær tilboð:

1.

Allir sem versla
á markaðnum fá
vandaða bók í kaupbæti.



2.

Öll börn sem koma
á markaðinn
fá gefins
Andrésblað!



3.

Peir sem kaupa fyrir meira
en 10.000 kr. fá bók eftir
David Attenborough
í kaupbæti.



KOMDU
OG GERÐU
FRÁBÆR KAUP!

BÓKAMARKAÐUR ÁRSINS!

e
d d a

Heilbrigðiskerfið á Íslandi þarf að vera í sifelldri endurskoðun:

Frumkvæði lækna mikilvægt

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR

Aðalfundi Læknafélags Íslands í upphafi þessa mánaðar var samþykkt athyglisverð ályktun. Samkvæmt henni telja læknar mikilvægt að taka upp umræðu um dreifstýringu heilbrigðiskerfisins, heilsugæslunnar og sjúkrahúsá. Vilja þeir auka samkeppni og einkarekstur heilbrigðisstofnana, á þeim sviðum þar sem sjúklingar njóta sjúkratrygginga.

Prátt fyrir að einstakir stjórnámamenn hafi ljáð málss á aukinni samkeppni og einkarekstri í heilbrigðiskerfinu hefur þessi umræða ekki farið hátt hér á landi. Tal um einkarekstur sjúkraustofnana hefur jafnvel verið talið af hinu illa. Samt eru dæmi um að hann hafi gefist vel, til dæmis við uppbyggingu hjúkrunarheimila fyrir aldraða.

Sifellt hærra hlutfall ríkisútgjalda fer í heilbrigðismál og á því eru nokkrar skýringar. Lyf hækka í verði, þjóðin eldist og þjónustan er dýrar svo dæmi séu tekin. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2006 fara rúm fjörutu prósent allra útgjalda ríkisins til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, eða tærir 126 milljarðar króna. I fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2001 voru sömu útgjöld tærir 79 milljarðar króna.

Vissulega ríkir ákveðin sátt á Íslandi um rekstur heilbrigðiskerfisins í númerandi mynd. Það er hins vegar ábyrgðarhluti, sem hvíslir meðal annars á herðum stjórnámámannana, fagfólks innan heilbrigðiskerfisins og skattgreiðenda, að skoða allar mögulegar leiðir til þess að gera kerfið skilvirkara með hagsmuni sjúklinga og starfsfólks að leiðarljósi.

Með því að opna fyrir þessa umræðu nú axla læknar þessa ábyrgð. Eigi að nást sátt um breytt rekstrarform heilbrigðisstofnana er mikilvægt að fagfólk sé í broddi fylkingar í þeirri vinnu. Þannig hefur tekist að nýta kosti einkaframtaksins í menntakerfinu með frábærum árangri. Innan landbúnaðarkerfisins hefur ekki tekist að gera veigamiklar breytingar, meðal annars vegna andstöðu bænda. Það sýnir hversu áriðandi er, að þeir sem starfa nú undir ægivaldi ríkisins, sýni frumkvæði og komi að allri stefnumótunarvinnu.

„Læknar þurfa því nú begar að hefjast handa um undirbúning sjúkrahúsreksturs á eigin vegum eða í samvinnu við einhverja fjárfesta. Eins og sakir standa væri nærtækt að fá byggingu Borgarspítalans í Fossvogi og stofna þar sjálfstæðan spítala og semja við Tryggingastofnun um að hún kaupi þjónustu af honum. Með þessu móti mundi skapast fagleg samkeppni og þjónustan við sjúklinga batna,“ segir í greinargerð með ályktun aðalfundar Læknafélags Íslands.

Það er engin ástæða til að standa í vegi fyrir því að kosti einkaframtaksins séu einnig nýttir við rekstur heilbrigðisstofnana. Það er í þágu allra.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Forgangsröðun?

Söfnun Rauða krossins, Göngum til góðs, fór fram í gær við góðar undirtektir landsmanna. Gengið var hús úr húsi um allt land og fjárfamlögum safnað, en þeir sem höfðu ekki fé á reiðum höndum gátu hringt í söfnunarúmer og látið draga tólf hundruð krónur af símréikningi sínum. Þegar hringt er í númerið tilkynnir kvenrödd hringjandanum að þjónustugjald Símans sé 79 krónur, eða um sex prósent af fjárhæðinni sem gefin er. Athygli vekur að Síminn hafi séð ástæðu til að fella niður þjónustugjald hjá þeim sem kjósa Magna í sjónvarpsþættinum Rock Star Supernova, en ekki hjá þeim sem styrkja börn í Afríku.



Fastir liðir eins og venjulega

Í hádeigisfréttum NFS í gær var viðtal við Hugo Pórsson barnasálfræðing. Þar sagði hann meðal annars að ofbeldisfullir tölvuleikir og sjónvarpsefni hefðu áhrif á þau ungmanni sem séu veik fyrir og geti orðið til þess að þau missi tökin á raunveruleikanum. Tilefni viðtalsins var líkamsáras sextán ára drengs sem stakk mann í bakið af því hann langaði til að drepa hann. Eitthvað virðist tengingin þó slöpp því ekkert hefur komið fram sem tengir þetta einstaka mál við tölvuleiki eða sjónvarp. Það virðist ekki skipta miklu mál fyrir þá fjölmöldu sem eru snöggir að hlaupa til og kenna tölvuleikjum og sjónvarpi um ofbeldi þegar hentar.

Ég á þetta ekki

Í fréttablaðinu í gær er frétt um rannsókn löggreglu á tilraunum til kortasjálfasalavindls á bensinstöðvum. Þar kemur fram að njósnabúnaður hafi fundist á kortasjálfasala bensinstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og að fyrir á árinu hafi löggreglan austur á fjörðum gert fjögur svipuð tæki upptaka. Seinasta setning fréttarinnar hljómar svo: „Að sogn Oskars Bjartmarz yfirlöggregljóns vildi maðurinn sem tækin fundust hjá ekki gangast við að eiga þau, þannig að það mál gekk ekki lenga.“ Ætli það sé nóg að kannast við neitt þegar löggreglan á Austfjörðum bankar upp að Þetta hljómar í það minnsta eins og kurteislegasta löggreglumannókn sem gerð hefur verið.

Háskólanir metnir af OECD

Eg verð að játa að mér finnst sjaldan gaman á ráðstefnum. Alltof oft skal einhver leiðindapúki halda of langa eða of leiðindalega ræðu og verst er þegar það tvennt tvinnast saman í langdregningum í leiðindi. Maður óskar sjálfum sér út í hafsauga þegar verst lætur. En inn á milli koma ráðstefnur sem skipta verulega miklu mál og það sem meira er, þær eru skemmtilegar. Æg var að einni slíkri á föstudaginn var.

Ráðstefnan fjallaði um skýrslu OECD um háskólastigið hér á Íslandi. Þetta er fyrsta skýrsla sinnar tegundar um háskólaná okkar og þótt hún sé ekki einhver endanlegur stóridómur, þá er hún mjög mikilvægt innlegg í umræðuna um háskólaná og háskólastigið almennt.

Hátt í 20 þúsund í háskólanámi

Greinilegt er að við höfum náð miklum árangri á undanförnum árum á háskólastigini. Einn mælikvarði er til dæmis sá að nú stunda um sextán þúsund manns nám við íslenska háskóla og það er meira en tvöföldun á örfaum árum. Til viðbótar þessum fjölda eru á þriðja þúsund Íslendingar við nám í erlendum háskólum, flestir með tryggða framfærslu af LÍN. Við vorum áður sú Norðurlandabjóð sem menntaði hlutfallslega fæsta á háskólastigi, nú erum við ásamt Finnnum á toppnum. Það gefur auga leið hversu mikill styrkur það verður fyrir okkur í framtíðinni að svo stórhliði þjóðarinnar hljóti menntun og þjálfun á hæsta stigi.

Sjálfstæði háskólaná

Það kemur fram hjá OECD að staða mála er nokkuð góð hjá okkur. En þótt margt hafi tekist vel þá er ýmislegt sem við þurfum að athuga. Þeir benda meðal



ILLUGI GUNNARSSON
Í DAG | Háskólar og fjármagn

annars að hætta geti verið að því að í fámennu landi leiði mikil sjálfstæði háskóla og samkeppni á milli beirra til þess að skamtímasjónarmið ráiði meiri um för en heppilegt er. Þetta er athugunarefni því að á undanförnum árum hefur verið mikiljöld lagt upp úr því að háskólnir hafi fullt stjálfstæði til að þróa námsframboð sitt og ákveði sjálfir hvaða áherslur beir vilji hafa í sínu starfi. Árangurinn hefur verið góður, námsframboðið hefur aukist og fleiri og fleiri finna nú nám við hæfi á háskólastigini. En athugasem OECD er athyglisverð og nauðsynlegt að ihuga vel hvernig við getum varðveitt drifkraftinn sem felst í sjálfstæðinu og samkeppninni og um leið gætt bess að háskólastarfið haldi áfram að þjóna sambélaginu þegar til langs tíma er litíð. Og ekki má gleyma því að sjálfstæði háskóla er frumforsenda þess að þeir fái staðið undir nafni.

Gæði háskólaná

Annað sem er nauðsynlegt að athuga er hvernig við mælum gæði háskólaná. Það er bent að það skorti slíkar mælingar hér hjá okkur. Lögin um háskóla sem voru samþykkt nái í sumar taka reyndar vel að því vandamáli. OECD sá sérstaka ástæðu í nýlegri skýrslu um íslenska

hagkerfið til að hvetja stjórnvöld til að hrinda þegar í stað þeim umbótum sem felast í nýju lögum. Að mínu mati þarf að gæta að því að þegar gæðamati er komið að getur orðið tilhneiging í þátt að miða allt skólastarfið við að fullnægja þeim kröfum sem bar eru settar fram. Gæðamatið getur farið að ráða um of starfinu í háskólinum og bróuninni innan þeirra - háskólaþolk er fljótt að læra og það kann að taka próf. Par með er komið á miðstýring sem við viljum forðast. Það er því mikilvægt að gæðamatið sé bannig úr garði gert að það sé nægjanlega sveigjanlegt til þess að hinir ófiku háskólaná fái þrifist. Gæðastaðlar eru mikilvægir og í raun algerlega nauðsynlegir, en ég er þeirrar skoðunar að besti mælikvarðinn á gæði háskólaná sé að lokum markaðurinn. Atvinnulífið og hið opinbera mun gera greinarmun á þeim skólum sem útskrifa góða nemendur og hinum sem útskrifa lakari.

Áframhaldandi vöxtur?

Til þess að háskólnir geti haldið áfram að eflast á næstu árum bá munu þeir þurfa meira fjármagn. Ríkisháskólnir eru nú í vanda því þeir geta ekki innheimt skólagjöld og standa því óneitanlega verr að vígi en sjálfstætt reknu skólanir. Á móti kemur reyndar að Háskóli Íslands fær til dæmis mjög stóran hlut af því rannsóknafé sem er í boði fyrir háskólaná. OECD bendir að að ef hægist um í hagkerfinu megi gera ráð fyrir því að framlög ríkisins til háskólaná hætti að vaxa jafn hratt og verið hefur undanfarin ár. Þessi athugasem OECD ýti undir að við ræðum af yfirvegun og án upphrópana þá spurningu hvort heimila eigi ríkisháskólinum að taka upp skólagjöld.

Próunarfræði og frjálshygga

UMRÆÐA

Davíð Sigurþórsson skrifar um þróunarhagfræði.

Grin Birgis Tjörva Péturssonar um þróunarhagfræði, sem birtist í Fréttablaðinu í gær, er svo mikil einföldun á samleikanum að það jaðrar við að um tóman þvætting sé að ræða. Þær ályktanir sem dregnar eru standast alla vega ekki nokkrar skoðun. Það þarf þó ekkert að koma á óvert þar sem forsendir þær sem liggja þeim til grundvallar eru kolranger. Þær er einfaldlega um ómedvítanda (skulum við vona) sögufölsun að ræða, hvort sem litið er til sögu þróunarlöndanna eða Vesturlanda, sem reyndan tengjast - eins og hvert mannsbarn ætti að vita - órýfanlegum og blóðugum böndum nýlendum stefnunnar og síð-nýlendustefnunnar.

Reyndar er það nú frekar reglan en undantekningin að stuðst sé við afbakaða heimsmynd og að sögulegar staðreyndir séu slitnar úr samhengi þegar um dogmatískar kennningar er að ræða; frjálshygga, kommunisma, eða hvað annað.

Það að ætla að draga einhvern lærðom af efna-hagsþróun 20. aldarinnar án þess að taka með í reikninginn hvernig grunnurinn er lagður að velgengni Evrópu annars vegar, og að eyðileggingu margra þróunarlöndanna hins vegar, nær náttúrulega ekki nokkurri átt, hvorki fræðilega né síðferðislega.

Það að halda að það, hvernig t.d. Evrópusjóðunum tókst að þróa og efla efnahag sinn, gefi einhverja hugmynd um hvaða aðferðir séu líklegar til árangurs í þróunarlöndunum, sem búi við allt aðrar forsendur (t.d. hnattvæðingu) en Evrópusjóðirnar gerðu fyrir innleiðslu „frjáls“ markaðsbúskapar, er kennung sem hefur verið afsönnuð trekk í trekk síðastliðna two til þrjá áratugina. Nú er svo komið að það er að mestu er hætt að styðjast við hana innan þróunarlöndanna og snúast margar þróunarstrategíur um það nú hvernig takast má að bæta skaðann sem aðgerðir í anda frjálshyggu hafa valdið. Það eru einfaldlega ekki til nein dæmi þess að hún eigi við rök að styðjast, heldur þvert á móti fjöldi dæma sem sýna hið gagnstæða.

Reyndar eru við Birgir Tjörvi sammála um að sú myndbirting síð-nýlendustefnunnar, sem sjá má í starfsháttum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og þeirra ríkja sem þar fara de facto með völd - s.s. niðurgreiðsla og verndartollar EFTA og NAFTA á landbúnaðarvörur - sé óverjandi.

Ef það er eiththað sem heldur aftur af hagþróun í þróunarlöndunum bá er það hvernig við förum með þau í krafti alþjóðlegra viðskiptasamþykkt. Það er líka deginum ljósara að efnahagsleg aðstoð gagnast ekki nálgæt því eins vel og hún gæti gert - og ætti að gera - á meðan við höldum áfram að skattpína þróunarlöndin í gegnum WTO.

Höfundur er MA í síðfræði hnattvæðingar og meistararemi í þróunarfæðum

Styrkir til krabbameinsrannsókna o.fl.

Sjóður Kristínar Björnsdóttur auglýsir styrki til að rannsaka krabbamein í börnum og unglungum og til aðhlynningar krabbameinssjúkum börnum.

Miningarsjóður Ingibjargar Guðjónsdóttur Johnsen auglýsir styrki til rannsókna á krabbameini og til tækjakaupa.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu Krabbameinsfélagsins, www.krabb.is. Frestur til að skila umsóknum er til 10. október 2006 á skrifstofu Krabbameinsfélagsins, Skógarhlíð 8, 125 Reykjavík.

Tilgreina skal í hvorn sjóðinn er sótt.



skemmtilegri innkaup

meira fyrir minna



40%
afsláttur við kassa

Verð nú 826 kr/kg
Verð áður 1.377 kr/kg

BK Bayonneskinka



50%
afsláttur við kassa

Verð nú 192 kr/kg
Verð áður 384 kr/kg

Ísfugl buffalo vængir



GOÐI

20%
afsláttur við kassa

Verð nú 491 kr/kg
Verð áður 614 kr/kg

Goða grillborgarar m/brauði 4stk.



999
kr.kg

Humar



Hónum: HER
Umboð: Auglysingastofa Þískar



20%
afsláttur við kassa

Goða lifrapylsa og blóðmör frosi

þú sparar
629 kr/pk



Verð nú 630 kr/pk
Verð áður 1.259 kr/pk

Lindor Balls Milk 500gr.

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 8. september til 10. september eða meðan birgðir endast.
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

nettó

IAN FLEMMING FÆDDIST Á
PESSUM DEGI 1888

Eldri konur eru bestar því þegar þær eru að gera það, halda þær að það gæti verið síðasta skiptið.

Skapari James Bond verður seint sagður hafa vegsamað konuri bókum sínum.



tímmamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI

Gerður G.
Bjarklind
útværskona
er 64 ára.



Barði
Jóhannsson
tónlistarmaður
er 31 árs.



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á
auglysingar@frettabladid.is eða
hringja í síma 550 5000.



Hjartans þakkir fyrir sýndan hlýhug við andlát og útfor ástkværs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,
Bergs Ó. Haraldssonar

Sérstakar þakkir færum við Karitaskonum fyrir þeirra hjálp, hlýhug og virðingu sem þær sýndu okkur á erfiðum tíum. Guð blesst ykkur öll.

Kristín L. Valdemarsdóttir

Frosti Bergsson

Valdimar Bergsson

Anna Rós Bergsdóttir

Barnabörn og barnabarnabörn.

Halldóra M. Mathiesen

Helga M. Geirsóttir

Haraldur Guðfinnsson



Yndislegur elskadur eiginmadur minn,
faðir, fösturfadur, tengdafadur, tengdasonur,
afti og bróðir okkar;

Ingi Rúnar Ellertsson

skipstjóri, frá Eystri-Reyni, Innri-Akranesreppi,

sem lést 1. september 2006, verður jarðsunginn 12. september næstkomandi í Háteigskirkju kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþókuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Líknardeild LSH í Kópavogi.

Fjóla Sigurðardóttir

Marteinn Jón Ingason

Kristín Erla Einarssdóttir

Aðalsteinn Einarsson

Guðjón Vilhelm

Angela G. Eggstsóttir

Agnes Baldvinsdóttir

Angela G. Guðjónsdóttir, Einar Grétar Björnsson
Elva Katrín, Heiðar Logi, Sædis Ósk, Kamilla Birta, Bjartur Logi, Selma Björg, Alexander Kótaró, Benoni Einar, Halla Líf, Fjóla Dís og systkini hins látna.

Emi Uda

Silvia Færseth

LEGSTEINAR OG FYLGILUTIR Í MIKLU ÚRVALI



Steinsmiðjan MOSAIK

Hannarhóld 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaiks.is

PETTA GERÐIST: 10. SEPTEMBER 1981

Guernicu Picassos skilað

Á þessum degi árið 1981 var hinni risastóru mynd Guernica eftir listamannin Pablo Picasso skilað til Spánar. Hún hafði verið í láni í Bandaríkjunum í fjóra áratugi. Picasso málæði myndina árið 1937 og var undir sterku um áhrifum frá áras Þjóðverja á baskneska þorpí Guernica, sem talið er að hafi verið gerð til stuðnings verðandi einræðisherrans Francos í borgarastyrjöldinni á Spáni. Picasso var hneykslaður á grímmdarlegrí árásinni og gerði hana því að meginnefni myndar sinnar sem hann lauk á aðeins þremur vikum. Myndin er 3,5



GUERNICA VEGGMYND PABLO PICASSO

sinnum 7,7 metrar að stærð og lýsir mikilli skelfingu þorpsbúa. Hún er málod í svörtu, hvítu og gráu og sýnir martraðarkenndar ímyndir sem vejkja fólk til umhugsunar um óhugnað stríðsins. Árið 1939 var myndin send til New York á sýningu. Síðar sama ár braust síðari heimsstyrjöldin út og Picasso bað um að Guernica og önnur verk hans yrðu geymd í Bandaríkjunum uns stríðinu lyki. Eftir stríð var flestum verkanna skilað til Evrópu, en þó ekki Guernicu, sem að ósk listamannsins átti að geyma í Bandaríkjunum þar til lýðræði yrði endurreist á Spáni.

MERKISATBURÐIR

1846 Elias Howe er veitt einkaleyfi á handknúinni saumavél sinni.

1908 Fyrstu almennu leyfilegu kosningarnar til alþingis fara fram. Kosningabáttakar er meiri en nokkru sinni eða 75,5 prósent.

1908 Samþykkt er í þjóðaratkvædagreiðslu að lögleða bann við innflutningi áfengra drykkja. Áfengisbannið var afnumið í febrúar 1935.

1813 Bandarísk herlið sigra Breti í bardaganum við Erie-vatn.

1950 Minnisvarði um Bjarna Sívertsen riddara er afhjúpaður í Hellisgerði.

1977 Fallxið er notuð í síðasta sínn í Frakklandi til að taka fanga af lífi.

PORVALDUR VÍÐISSON: TEKUR VIÐ STARFI ÆSKULÝÐSFULLTRÚA Í DÓMKIRKJUNNI

Snýr aftur reynslunni ríkari



KOMINN HEIM Þorvaldur Víðisson er ánaegður með að vera kominn aftur til starfa við Dómkirkjuna en þar vann hann í eitt ár eftir að hann lauk námi.

kirkjan eigi að axla sem miðborgarkirkja.

Dómkirkjan á samstarf við öll skólastigin í miðborginni. Þeir eru einmitt miðborgarprestar. Við aðlum ekki að stefna í nein gömul hjólför heldur skilgreina starfið út frá beirri þörf sem er í dag. Til dæmis er ekki eins mikil af unglungum ráfandi um miðborgina um helgar eins og aður var og má þar meðal annars þakka góðu starfi miðborgarprests, félagsþjónustu, lögreglu, foreldrafélagum í skólum og upp í Menntaskólanum í Reykjavík en það fellur í hlut Þorvaldar að rækta það starf.

„Þetta samstarf hefur gengið mjög vel undanfarin ár en við erum með því að fylgja eftir skírnarfræðslu safnaðarins og komum inn í

lífsliekniverkefni á þeim forsendum. Við viljum ýta undir það að borin sé virðing fyrir trúarbrögðum okkar sem annarra og koma þannig í veg fyrir fordóma en þar er fræðsla lykilatriði.“

Þorvaldur segir að þrátt fyrir að það starfi nú þrír prestar við Dómkirkjuna þá sé hann fyrst og fremst æskulýðsfulltrúi með

prestsvíglu og sér því um ýmsar athafnir innan kirkjunnar eins og skírnir, giftingar og messur. „Mér finnst það ekkert lykilatriðið hvað staðan heitir heldur skiptir það öllu máli hvað maður gerir,“ segir hinn nýi prestur í Dómkirkjuni og bætir því við að lokum að allir séu velkomni til þátttökum í öflugu starfi Dómkirkjunnar.



Pökkum hlýhug og samúð vegna fráfalls
Magdalena Albertsdóttir
hjúkrunarfræðings, Hringbraut 23,
Hafnarfirði

og virðingu sýnda minningu hennar.
Fyrir hönd systkina og annara vandamanna.

Maria Albertsdóttir
Arni Gunnlaugsson.




Pökkum samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömma og langömma,
Hallfríðar Jónsdóttir
frá Bæjum, Snæfjallaströnd.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólk G-II Hrafnistu Reykjavík fyrir umhyggju og vinarhug.

Margrét Dóra Elíasdóttir
Elias Halldór Eliasson
Barnabörn og barnabarnabörn.

Sigurður Garðarsson
Elísa Hjörðis Ásgeirsdóttir

FÆDDUST PENNAN DAG

Arnold Palmer
kylfingur 1929.

Joe Perry, gitarleikari Aerosmith, 1950.



Amy Irving leikkona 1953.



Colin Firth leikari 1960.



Guy Ritchie, leikstjóri og eiginmaður Madonnur, 1968.




Ryan Phillippe, leikari og eiginmaður Reese Witherspoon, 1974.



Mest
lesna
tímaritið*

*Gallup Óktóber 2005

bírtaHópferð fyrirhuguð í apríl:
Taíland, Laos, Víetnam og KambódíaHópferð fyrirhuguð í apríl:
Taíland, Laos, Víetnam og Kambódía

Í tilefni 100 ára afmælis Kuoni eftirnum við til glæsilegra hópferða til Egyptalands og Mexíkó.

Afmælisverð

Egyptaland

Stóra Egyptalandsferðin 8. nóv. og 14. mars

Þrír ferðamöguleikar:

- Vikulöng sigling á Níl (9 dagar)
Verð 149.990 kr. á mann í tvíbýli.
- Víku-sigling á Níl og vika á strandhóteli í Hurghada (16 dagar)
174.990 kr. á mann í tvíbýli.
- Víku-sigling á Níl og framhaldsferðin Undur mannsandans til Alexandríu, Kaíró og Hurghada (16 dagar) Aðeins í boði 8. nóv.
Verð 194.990 kr. á mann í tvíbýli.

Íslenskur fararstjóri í Nílarsiglingunni og nóvember-ferðinni Undrum mannsandans.

Mexíkó

Heimur Astekanna 1. mars

- Mexikó City, Teotihuacán-pýramídarnir, silfurborgin Taxco, nýlenduborgin Morelia, hin notalega og fallega Guadalajara-borg, þjóðgarðar og sveitalíf - strandbærinn Puerto Vallarta.
- Íslenskur fararstjóri
279.900 kr. á mann í tvíbýli

Ferðalýsingar og verð
eru á heimasíðu okkar,
www.kuoni.is.**PANTAUÐU ÞÍNA FERÐ Í SÍMA 5 100 300**

Langferðir Holtasmára 1 201 Kópavogi Sími 5 100 300 Símbréf 5 100 309

**C.S.I: NEW YORK**
Í kvöld kl. 21.30 á SKJÁEINUM

Nú nærðu SKJÁEINUM í gegnum Skjáinn og Digital Ísland

Fékk tvær jólagjafir frá Saddam

Nálykt, hljóð í rafmótum og glerbrotum, matarleysi, hiti, sviti, stress og ljósleysi. Þetta eru myndirnar sem koma upp í hugann þegar Jón Björgvinsson myndatökumaður hugsar um styrjaldir og náttúruhamfarir. Guðrún Helga Sigurðardóttir ræddi við Jón þar sem hann var á heimleið eftir sjó vikna starf í stríðshrjáðu Líbanon.

Jón tekur myndir fyrir erlendrar fréttastofur, Rauða krossinn og aðra viðskiptavini um allan heim og var við störf á átakavæðunum í suðurhluta Líbanons meðan á átökunum við Ísraelsmenn stóð. Hann segir mikil hafa verið um sprengingar fram að vopnahléinu 14. ágúst. Síðasta sólarhring stríðsins hafi skemmdirnar verið gifurlegar, eyðileggingin í þessu skamminna stríði hafi verið skelfileg og jafnvel meiri en í Kosovo.

Líbanon er fallegt land. Annars vegar er strönd Miðjarðarhafsins og hins vegar fjöll sem eru allt upp í þrjú þúsund metrar á hæð. Mikil er um lítil landbúnaðarporp

bar sem stunduð er tóbaksrækt og ólífurkært. „Þessi þorp voru mörg hver jöfnuð við jörðu í átökunum og ekkert eftir nema mulningurinn einn. Í mörgum þorþum eru öll húsín skemmd og sum húsín eru alveg ónýt,“ segir Jón.

Björgunarstarf hefur reynst erfitt í Líbanon, bæði vegna þess hve sprengingarnar voru miklar og eins vegna þess hve erfitt getur verið að koma fólk til hjálpar sem grafið er í húsarústum. Einkum á það við um rústir vel byggðra nokkurra hæða húsa.

Líkin lágu um allt

Yfir þúsund menn létu lífið í Líbanon, flestir almennir borgarar. Jón fylgdist með líkflutningunum út úr þorþunum og sá að heimamenn voru grafir á staðnum en Rauði krossinn var beðinn um að flytja aðkomumennina, hermannina, burt. Strax á fyrstu dögum stríðsins horfði hann upp á það þegar lík voru tekin úr bílum, af skellinöðrum og hjólum. Líkin lágu út um allt.

„Heilu fjölskyldurnar höfðu brunnið inni í bílum sínum þar sem þær voru að reyna að flýja af staðnum. Sjúkrabílar urðu fyrir sprengjum. Sjúklingar sem höfðu bjargast úr húsarústum lágu kannski á sjúkrabeddu í sjúkrabíl þegar urðu fyrir áras. Pannig missti maður nokkur annan fót-



inn. Hann hafði bjargast með hluta af fjölskyldu sinni úr húsarústum og var kominn í sjúkrabílinn þegar næsta ógæfa dundi yfir,“ rifjar hann upp.

En stundum eru heilladísirnar með fólk. „Eg hitti mann sem var með ósprungið flugskeyti í eldhúsini hjá sér og annað við innanganginn á húsini. Þriðja sprengjan hafði sprungið fimm metra frá húsini og grafið þar djúpa gröf. Hún fellt það langt frá húsini að það hékk uppi en rúðurnar brotnuðu. Það var ótrúleg tilvilkjun,“ heldur hann áfram.

„Eg hitti annan mann sem getur sýnt gestum og gangandi fallbyssuskot sem stendur út úr veggnum í stofunni hjá honum. Það er að vísu ekki heppilegt að vera mikil inni í þeirri stofu því að það fylgir mikil hætta þessum ósprungnu sprengjum úti um allt.“



FJÖLBREYTNÍ I STARFINU Starfi kvíkmyndatökumanns fylgja mikil ferðalög. Jón er stöðugt á ferð um heiminn og oft á miklum átakasvæðum. „Fjölbreytnir í starfinu eru ótrúleg. Einn daginn er ég að versla með kameldýr í Sómalíu og þann næsta að mynda Angelina Jolie og Brad Pitt í Sviss.“

Sprengjur eins og hráviði

Jón segir að tölувart hafi verið hreinsað á þeim þremur vikum sem liðnar eru síðan stríðinu lauk en sprengjur skapi samt mikla hættu alls staðar. Þá hafi klasa-sprengjum verið varpað í þessu stríði. Gert er ráð fyrir að klasa-sprengjur séu notaðar á óvinaher-sveitir og sé þá fimmtíu til áttatiu, jafnvil hundræð, lítlum sprengjum dreift yfir hersveit. Til þess er ætlast að sprengjurnar hafi her-mennina eða komi í veg fyrir að þeir hreyfi sig á svæðinu. Pessar sprengjur segir Jón að hafi legið eins og hráviði viða í þorþunum, í þorþunum miðjum og jafnvel fyrir utan sjúkrahúsin.

Líbanir eru vanir styrjöldum og fljótir að byggja upp aftur. Jón hefur samanburð við New Orleans eftir að fellibylurinn Katrín skal þar á í fyrra og segir ólíkt eftir þjóðfélögum hvort fólk kunní að bjarga sér. Í New Orleans hafi mönnum verið allar bjargin bann-aðar eftir að rafmagnið fór af og kjörbúðir lokaðu. Það hafi komið sér á óvart hve lítil uppbygging hafi átt sér stað þegar hann kom aftur til New Orleans í vor, hálfu ári eftir fellibylinn.

Uppbyggingin strax í gang

Í Líbanon hafi uppbygging hins vegar farið í gang strax eftir sprengjuárásir. „Það er búið að laga margar brýr og fylla sprengi-giga viða á vegum. Það er ótrúlegt að sjá að menn hafa drifioð í að flytja aftur inn í þorpin svo stuttu eftir að styrjöldinni lauk og koma lífinu aftur í gang. Líbanar eru vanir styrjöldum. Þeir byggja upp í dag það sem reikna má með að verði sprengt upp á morgun,“ segir hann.

„Í þessu stríði var ótrúlegt að

sjá þá reyna að koma upp brú yfir Litani-ána sem rennur frá norðri og suðurs. Brúin var sprengd upp að kvöldi og daginn eftir voru þeir byrjaðir að byggja hana upp aftur. Hún hekk kannski uppi í nokkra tíma og þá var hægt að koma bílum yfir eða þangað til hún skemmdist á ný. Þessi brú er ekki góður staður til að vera á. Þegar ég var barna dagsstund var verið að fljúga yfir okkur og skjóta flug-skeytum ansi nálgæt til þess að láta vita af því að þessi brúarsmið yrði ekki langæ vinna.“

Nýtt að kynnast flugskeytum

Jón er vanur stríðum þar sem heyrist „ratt tatt tatt“ og jafnvel „dúmm dúmm dúmm“. Hann hefur líka kynnst styrjöldum þar sem heyrist bara „eitt stórt bang“. En það sem er nýtt í þessari styrjöld er að kynnast flugskeytum. Þá heyrist bytur í loftinu og sprenging á eftir.

„Það er óhugnanlegt vegna þess að maður fær viðvörun og veit að sprengjan er að koma. Maður veltir fyrir sér hvort stundin sé komin eða hvort hún lendi kannski annars staðar. Það er skelfilegt að fá flug-skeyti nálgæt sér. Eg hef ekki kynnst því áður og það er ný reynsla. Um þrjú þúsund meðaltali á hverjum degi á betta litla land. Pessar gríðarmörgu sprengingar voru líka ný reynsla.“

Hjálparstarfið gefur von

Líf fréttamanns á átakasvæði er ekkert þægindalíf. Jón hef verið í Afganistan, Írak og á mörgum hamfarasvæðum. Dagarnir eru langir og næturnar stuttar. „Oft er maður sveittur og breyttur og lítið um þægindi og mat. Ég hafði aðsetur í borginni Tírus í Suður-



Líbanon er langt og mjótt arabísk við botn Miðjarðarhafsins. Landið hefur landamæri að Sýrlandi í norðri og Ísrael í suðri.

Heildarflatarmál landsins er rúmlega tíu þúsund ferkilómetrar.

Höfuðborgin heitir Beirút.

Tveir fjallgarðar liggja samsíða gegnum Líbanon endilangt og mjótt láglendi er með ströndinum. Milli fjallgarðanna er hinn frjósami Bekaa-dalur. Hann fær vatn frá Litani-ánni.

Opinbert tungumál í Líbanon er arabísk.

Tæplega fjórar milljónir manna búa í landinu.

Heimild: Wikipedia, frjálsa alfræðiritið.

Tæknidagar 2006 - fjarskipti og upplýsingatækni

Hvað ber framtíðin í skauti sér?

Í Öskju - náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands, dagana 14. - 16. september

Tæknidagar 2006 er áhugaverð og glæsileg sýning sem að þessu sinni er helguð fjarskiptum og upplýsingatækni í tilefni þess að 100 ár eru liðin frá lagningu sæsímastrengs til Íslands og símalínu frá Seyðisfirði til Reykjavíkur.

Fjöldi merkra sýnenda verða og má þar nefna Simann, Og Vodafone, Microsoft, Orkuveitu Reykjavíkur, Flugmálastjórn, Nýherja, Hnit, Rafhönnun, Stiki, Vista, CCP, Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík, auk þess sem fluttir verða fjöldi athyglisverðra fyrirlestra um nútíð og framtíð fjarskipta- og upplýsingatækninnar.

Allir velkomnir - ókeypis aðgangur

fimmtud. 14. sept. kl. 14 - 18, föstud. 15. sept. kl. 13 - 18, laugard. 16. sept. kl. 10 - 17.




Verkfræðingafélag Íslands



Tækniþróunarfélag Íslands

Nánar á www.vfi.is og www.tfi.is





annarra eða breytist í aðra persónu en hann lagði upp með í lífið. Hann veltir stundum fyrir sér hversu mikinn tilgang hjálpastarf hafi.

„Það hefur kannski þann tilgang að sýna samúð, gefa fólk von um að lífið geti tekið aðra stefnu og hjálpa því að sjá leiðir út úr vandanum. Mikil af bessu hjálpastarf hér er til þess að sýna fólkí að heiminum stendur ekki á sama um afdrif þess og gefa því von um að bað séu til aðrar undankomuleiðir en að taka upp vopn og halda áfram að berjast,“ segir hann.

Palestínusönum er alls staðar útskífað sem bjóð, beir hafa alist upp sem flóttamenn í hernumdu landi og geta litla björg sér veitt. „Við sílikar kringumstæður skapast kynslóð af ofbeldisfólkí sem reynir að finna einhverja leið út úr vandanum þegar vonin er ekki lengur til staðar. Alheimurinn sýnir bessu fólkí gegnum hjálpastarf Það að það sé enn von, lífið verði einhvern tímann annað en baráttá, eilif styrjöld og hryðjuverk.“

Hittir helstu leiðtoga heims

Jón segir áhugavert að geta fylgst með heimsviðburðunum „beint“ og hitta helstu leiðtoga heims. Í Líbanon hefur hann til dæmis hitt forseta landsins, forsetíráðherra og forseta bingsins. Fróðlegt sé að fylgjast með heimsviðburðum í beinum tengslum við þá sem séu leikarar í bessu sjónarspili.

Í Morgunblaðinu birtist nýlega grein bar sem myndatökumenn voru sakaðir um að falsa myndir úr stríðinu til að breyta almenningsáltí heimsins. Jón var í þessum hópi. Sérstaklega var nefnd fréttamynd hans af sjúkrabíl „með gapandi sár á baki sjúkrabílsins“, eins og það var orðað í greininni. Jón man eftir myndinni og kannast við umræðuna sem hefur verið um allan heim. Hann hafnar þessu algjörlega.

„Það er þekkt staðreynd að sannleikurinn er fyrsta fórnarlambið í öllum styrjöldum og því

þurfa fréttamenn að gæta sín meira á þeim vettvangi en hvarvetna annars staðar. Fréttamannsstarfið hefur kennt mér að trúa aldrei neinu nema ég sjái það berum augum og ég virði almenning sem tekur öllum fréttalutningi með varúð. Árásin á sjúkrabílinn var hvorki fyrsta né síðasta árásin sem gerð var á sjúkrabíl í þessu stríði. Það hefði því ekki haft neinn tilgang að falsa árás á þennan tilteknar sjúkrabíl. Þar að auki ræddi ég lengi við sjúkraflutningamennina og eins sérfræðinga í hernaðaráðgerðum áður en þessi mynd var send til dreifingar á BBC. Ég er ekki í minnsta vafa um að þessi atburður átti sér stað. Þar að auki kom afsökun frá Ísraelsmönnum út af þessu.“

EKKI HÆGT AÐ VINNA STRÍÐ

Stundum er deilt á fréttamenn fyrir að taka afstöðu í fréttalutningi. Hlutleysið er Jóni eðlislaegt og því getur hann myndað og sagt frá því sem hann upplifir í starfi sínus eins og hann sér það. Hann bendir þó á að hann hafi verið Líbanons-megin í stríðinu og segi því frá lífinu þeim megin en reiknar með að Ísraelar hafi upplifað þjánningar sín megin.

„Ég get ekki lokað augunum fyrir því að almennir borgarar urðu verst úti í átkunum og það er erfitt að sjá hvað vannst með þeim. Það vannst ekkert með bessu stríði. Styrjaldir síðustu ára hafa sýnt að það er erfitt að vinna stríði með vöðvaafli. Ég sé



ÖRYGGIB OFAR ÖLLU í starfi sínu fer Jón um sum hættulegustu svæði heimsins og þá skiptir máli að hafa lífverði með í fórum.



MED LÍFVÖRÐUNUM Á BÍLPALLI Jón Björgvinsson kvíkmyndagerðarmaður með lífvörðum sínum á bílpalli í Sómalíu. Hann var á ferð þar í landi til að gera heimildarmynd fyrir breskan framleiðanda. Myndin fjallaði um konu sem var að ná í heimanmund sinn, hundrað kameldýr, tvo hesta og einn riffil. Jón hafði sjó lífverði, tveir þeirra eru nú fallnir.

Bin Laden I, bin Laden II...

Jón segir aðra sögu af vandræðum sem hann lenti í þegar hann fór í gegnum öryggisgæslu fyrir áramótin. Hann var með spólur sem á stóð: Bin Laden I, bin Laden II, bin Laden III og bin Laden IV. „Það fór allt í gang og kallaður til sérstakur ráðgjafi í öryggismálum áður en ég gat útskýrt að ég hefði nái ekki verið að taka viðtal við Osama heldur Carmen, mágkonu hans. Það var Carmen bin Laden sem var á spólunum, ekki Osama bin Laden. Maður lendir í ýmsu,“ segir hann.

Jón hefur þvælst víða um heiminn. Áður en hann fór til Líbanons var hann í Sómalíu að gera heimildarmynd fyrir breskan framleiðanda. Myndin fjallar um konu sem var að ná í heimanmund sinn, hundrað kameldýr, tvo hesta og einn riffil.

„Maður fer ekki um Sómalíu án þess að vera með lífverði með sér. Ég var með sjó lífverði með mér. Tveir þeirra hafa fallið í átkum frá því við vorum á ferð þannig að það eru bara fimm eftir.“

Hvenær ætlar þú að gera samskiptakerfi þitt að tekjulind?



Griptu þetta einstaka tækifæri til að hitta Alcatel, sem er leiðtogi í síma- og samskiptalausnum í Evrópu

Staður: Nordica hótel,
Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík

Dagsetning: 27. september

Tími: 12:00 – 16:00, hefst með hádegisverði

Dagskrá
Framtíðarsýn og stefna Alcatel verður kynnt af Tore Evensen, markaðssjóða Norður- og Eystrasaltslandanna

Við kynnum einnig fyrir þér það nýjasta frá Alcatel á svíði stjórnunar samskipta við viðskiptavini (Customer Interaction Management), samstarfs (Collaboration) og farsímatækni (Mobility).

Skráðu þig NUNA með því að senda tölvupóst á Bedrift@alcatel.no
Sími +47 67188592

Kynningar verða á ensku

Sjá nánari upplýsingar um Alcatel á netslóðinni:
www.alcatel.com

ALCATEL

Vakir yfir svefnvenjum

„Sumir telja að skýringarnar á því af hverju við sofum sé að finna í bernsku,“ segir Karl Ægir Karlsson. Karl Ægir, sem er lektor við Háskólan í Reykjavík, vinnur að stofnun svefnrannsóknaseturs á Íslandi. Með rannsóknum sínum vonast hann til að geta sagt fyrir um hreyfibroska barna og jafnvel framtíðarheilbrigði fólks. Guðrún Helga Sigurðardóttir ræddi við Karl Ægi um svefnvenjur en mannskepnan eyðir um þriðjungi ævinnar í svefn.

„Við ætlum að mæla svefn og vöku hjá nýfæddum börnum og vonumst til að geta svarað ýmsum spurningum tengdum svefn. Við vonumst til dæmis eftir að geta spáð fyrir um hreyfibroska. Þá skoðum við hvort ákveðnar teg-

■ Nýfætt barn sefur átján klukkutíma á sólarhring, þar af helming í draumsvefn. Fullorðnir sofa átta tíma, þar af um tuttugu prósent í draumsvefn. Ekki er ljóst hvaða markniðum mannskepnan nær með svefninum.

■ Alltaf er grunn vöðvaspenna i líkamanum, jafnvel í slökun. Í svefn minnkar spennan og í draumsvefn hverfur hún algjörlega. Á sama tíma hreyfast augun og snöggrir, ósjálfráðir, handahófskenndir kippur koma í einstaka vöðva. Kippina er auðveldast sjá í andliti og fingrum hjá nýburum. Í draumsvefn liggur nýburinn graffyrr og hendir dettur slöpp niður aftur ef henni er lyft og sleppt. Augun hreyfast oft og snögga litla kippi má sjá í andliti og fingrum.

■ Hægt er að nota kippina eins og merki um að það sé verið að proska líkamann. Hjá nýbura eru margir taugaþræðir ótengdir. Hægt er að líkja taugaþræðunum við víra. Ef kippur er í einn virinn hreyfist sá límur sem hann liggur í. Pannig finnur líkami nýburans út hvert taugaþræðimur liggja. Draumsvefnini hjálpar líkamanum við að læra hratt á sjálfin sig.

■ Gamlar kennningar, til dæmis frá Freud, segja að í svefninum sé unnið á sálarmeynum sem mennirnir hafa safnað að sér yfir daginn.

■ Nyjar kennningar segja að maðurinn upplifi atburði og safni minningum yfir daginn. Þeir atburðir sem hafa tildeilda gildi yfir daginn eru festir tryggilega í minnið í svefn.

Nokkrar rannsóknir styðja þessa hugmynd en gallinn er sá að draumsvefninn er langmestur hjá ungvöndinu og langmestur hjá nýfæddum tilraunadýrum.

„Það er erfitt að mynda sér hvað þau þurfa að læra á þessum stutta tíma sem þau eru vakandi en þarna þarf veanta lenga að hugsa um nám í viðum skilningi,“ segir Karl Ægir Karlsson.

■ Hægbylgjusvefn er orkusnauður. Yfir daginn verða til skaðleg niðurbrotsefni í heilanum, sem eru hluti af eðlilegum efna-skiptum. Líkaminn hefur ýmis ráð til að losa sig við þau en það gengur langhræðast ef þeim er ekki safnað upp. Með því að fara í orkusnautt ástand í svefn gestf heilanum tækfær til að hreinsa til.

Karl Ægir segir að eðlisfræðilega sé þetta þægileg skýring en ekki gallalaus. Flestir eru sammála um að líklegast sé að svefninn sé einhvers konar ástand sem sé svo margslungið og margbreytilegt að það sé enginn einn tilgangur. Svefninn geti gefið líkamanum tækfærri til að hreinsa upp eftir efna-skipti dagsins. Hann geti líka hjálpað til við hreyfibroska og stuðlað að bætti minnisgetu. En það geti líka verið að upphaflegur tilgangur svefn hafi verið einhver allt annar. Enginn viti hvernig svefninn hafi byrjað þróunarfarðilega séð.

undir af hreyfingum fari saman við mælingar í heilalínuriti. Þetta mynstur spáir svo fyrir um hreyfibroska hjá dýrum,“ segir Karl Ægir Karlsson, lektor við Háskólan í Reykjavík, sem vinnur nú að því að setja á fót rannsóknaraðstöðu fyrir svefnrannsóknir hér á landi.

Karl Ægir vonast til að geta heimfaert rannsóknirnar sínar á börn. „Ef sama mynstur verður hjá börnum getum við kannski spáð fyrir um hvort þau séu á réttir broskbraut. Þá getum við kannski séð hvort tveggja mánaða barn eigi eftir að byrja að ganga fyrr eða seinna en meðaltal barna að pessum aldri gerir.“

Gefi vísbindingar um heilbrigði

Karl Ægir stefnir einnig að því að bróa nýjar tölfræðilegar aðferðir við að greina svefn sem eru miklu einfaldari en þær sem notaðar eru í dag. Safnað verður upplýsingum af svefn þjóðarinnar frá vöggum til grafa og búinn til gagnabanki þar sem má átta sig betur á svefnvenjum og hversu lengi svefn varir – normalgildi svefn.

„Ég ímynda mér að það sé hægt að búa til einfalda svefnmælingu sem getið gefið vísbindingar um heilbrigði og jafnvel framtíðarheilbrigði fólks. Það eru allar líkur á því að þessi normalgildi gefi vísbindingu um að heilbrigðir einstaklingar falli í ákveðinn farveg. Þeir sem eiga við sjúkdóm að stríða falla frá þessum gildum, það höfum við séð hjá dýrunum.“

Karl Ægir telur að einstaklingur með kæfisvefn eða lungnasjúkdóm myndi til dæmis aldrei sleppa í gegnum skimumarpróf af þessu tagi án þess að mælingin sýndi eitthvað óvenjulegt.

Skaðlegt að sofa ekki

„Það er ekki augljóst hvað gerist ef maður sefur ekki. Allir vísindamenn eru sammála um að það er skaðlegt að sofa ekki og að menn geti ekki virkað eðlilega án þess að sofa. Það er hins vegar ekki vitað af hverju fólk gerir það ekki,“ segir Karl Ægir.

Ungviðið sefur langmest og mun meira en þeir fullorðnu. Nýfætt mannsbarn sefur sextán til átján tíma á sólarhring meðan fullorðnir sofa átta tíma. Draumsvefn er helmingur af svefn nýbura en bara tuttugu prósent af svefn fullorðinna.

„Sumir telja að skýringanna á því af hverju við sofum sé að finna í bernsku. Sumir halda jafnvæld að svefninn sé arfleifð frá bernskuni og hafi ekkert með fullorð-



SVEFN „Svefnmynstrið er allt öðruvísi hjá nýfæddum en fullorðnum,“ segir Karl Ægir Karlsson, lektor við Háskólan í Reykjavík.

insárin að gera,“ segir Karl Ægir. Hann nefnir til sögunnar rannsóknir þar sem fylgst hefur verið með því sem gerist þegar svefn er sleppt alfarið og áhrifum þess.

Áhugi á svefn

Karl Ægir fékk áhuga á svefnrannsóknunum þegar hann var að vinna að lokaverkefni sínu í sálfræði við Háskóla Íslands og vant að tæki til að taka upp mælingar á mannslíkamanum. Búnaður háskólangs var úreltur og ónothaður svo að hann félk lánað tæki hjá svefnrannsóknafyrirtækinu. Flögu. „Eftir að ég útskrifaðist auglýsti Landspítalinn eftir tæknimanni. Ég vissi ekkert um svefn en kunni á tækið og fór því að vinna hjá Pórarni Gislasyni yfirläknini. Það var mikil gæfa því ég félk mikinn áhuga á svefn og langaði til að skilja hann betur,“ segir Karl Ægir.

Eftir vinnuna á Landspítalanum fór Karl Ægir í framhaldsnám til Iowa í Bandaríkjunum og tók þátt í rannsóknum á proska svefn, sérstaklega hjá nýburum. „Svefnmynstrið er allt öðruvísi við fæðingu hjá nýfæddum en fullorðnum. Við skoðuðum hvaða taugabódefni þarf til að framkalla svefn í nýburum og hvernig það þarf að breytast til að geta framkallað svefn hjá fullorðnum,“ segir Karl Ægir.

■ Komið er fram lyf sem frestar svefnþörf fólk þannig að líkni ekki í neinni svefnuskul á eftir. Ekki er um örvaldi lyf að ræða. Lyfið fannst fyrir tilviliunum. Ekki er fullrannsakað hvernig það virkar eða hvada áhrif það hefur á menn. Ekki er þó vist að það hafi neinar alvarlegar aukaverkanir.

■ Til eru dýr sem sofa lítið sem ekkert og er verið að rannsaka þau til að skilja hvernig þeim tekst að sleppa svefn. Þannig er til dæmis búið að rækti upp stofn af flugum sem sofa lítið. Þessar flugur lífa jafn lengi og aðrar flugur í vöku stundum talið. Sviði gildir um myð sem hafa fengið lyf til að koma í veg fyrir svefn. Þær lífa jafn lengi og hinur talið í vöku stundum.

■ Hvalir sofa með óðru heilahelinu í einu og geta alltaf sýnt viðbrögð við áreiti. Selir sofa eins og hvalir í sjó en á landi sofa sumir selir eins og spendýr.

■ Í framtíðinni má búast við að lyf komi fram sem geri fólk kleift að sleppa alveg svefn.

Svefn breytist við þroska

Í Iowa rannsakaði Karl svefn í rottum, fyrst með því að skoða atferli og síðan með því að þróa aðferðir þar sem hægt var að skoða svefninn með vöðvarafriti. Út frá því var hægt að skoða virkninga í heilanum og sjá hvernig svefnstigð breyttist og hvernig svefn breyttist við þroska.

Karl flutti síðan til Los Angeles og skipti um gír. Hann fór að rannsaka fullorðið fólk og skoða nýupp-götvaðar frumur í heilanum og



SPÁÐ FYRIR UM HREYFIBROSKA í framtíðinni verður vonandi hægt að spá fyrir um hreyfibroska hjá dýrum og jafnvel börnum líka, að mati Karl Ægir Karlsson, lektor við Háskólan í Reykjavík. „Við getum kannski spáð fyrir um hvort börn séu á réttir þroska-braut,“ segir hann.

hvernig þær virka. Þegar spendýr skortir þessar frumur fá þau drómasyki.

Karl og samstarfsmenn hans fengu leyfi hjá flogaveikisjúklungum, sem voru að fara í skurðaðgerð til að láta fjarlægja hluta heilans, til að bæta við fleiri tækjum inn í heilann þannig að hægt var að fá ræða. Lyfið fannst fyrir tilviliunum. Ekki er fullrannsakað hvernig það virkar eða hvada áhrif það hefur á menn. Ekki er þó vist að það hafi neinar alvarlegar aukaverkanir.

■ Til eru dýr sem sofa lítið sem ekkert og er verið að rannsaka þau til að skilja hvernig þeim tekst að sleppa svefn. Þannig er til dæmis búið að rækti upp stofn af flugum sem sofa lítið. Þessar flugur lífa jafn lengi og aðrar flugur í vöku stundum talið. Sviði gildir um myð sem hafa fengið lyf til að koma í veg fyrir svefn. Þær lífa jafn lengi og hinur talið í vöku stundum.

■ Hvalir sofa með óðru heilahelinu í einu og geta alltaf sýnt viðbrögð við áreiti. Selir sofa eins og hvalir í sjó en á landi sofa sumir selir eins og spendýr.

■ Í framtíðinni má búast við að lyf komi fram sem geri fólk kleift að sleppa alveg svefn.

Rannsóknarsetur í heilbrigðisverkfræði

Karl Ægir vinnur nú að því að byggja upp rannsóknarstöðu innan Háskóla Íslands í Reykjavík, þar sem hann kennir hluta af námskeiði í lífeðlisfræði. „Við erum að ná okkur bæði í þekkingu og sambond. Við stefnum að því að opna rannsóknarsetur í heilbrigðisverkfræði. Markmið mitt til lengri tíma er að reka rannsóknastofu með svipuðu sniði og ég vandist í Bandaríkjunum.“

Vaxtalaus tilboð

Dupen rúmin eingöngu fáanleg í Hagkaupum Smáralind
og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri



VAXTALAUS TILBOÐ

Rúmstærð	verð frá	mánuðir	stgr.
90 x 200	1.800*	13 mán.	23.400.-
120 x 200	2.300*	13 mán.	29.900.-
150 x 200	2.800*	13 mán.	36.400.-



IMPERIAL



90 x 200
53.300
Fáanlegt m. vaxtalausum
greiðslum í allt að 13. mán.

120 x 200
65.000
Fáanlegt m. vaxtalausum
greiðslum í allt að 13. mán.

150 x 200
76.700
Fáanlegt m. vaxtalausum
greiðslum í allt að 13. mán.

180 x 200
100.100
Fáanlegt m. vaxtalausum
greiðslum í allt að 13. mán.



*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innfalið.

VAXTALAUS TILBOÐ

Rúmstærð	verð frá	mánuðir	stgr.
90 x 200	3.500*	13 mán.	45.500.-
120 x 200	4.600*	13 mán.	59.800.-
150 x 200	5.100*	13 mán.	66.300.-
180 x 200	6.000*	13 mán.	78.000.-

- Hágæða efni með 100% bómull
- 9-10 lög af efnum í hverju rúmi
- Sérstök öndun í rúmunum
- Sérstaklega löguð rúm fyrir bakveika
- Dupen rúmin hafa slegið í gegn í 55 þjóðlöndum

- Þýskt gæða gormakerfi í rúmunum
- Í hverju rúmi eru allt að 416 gormar
- Sérstaklega styrkt í köntum og hornum
- Efnin í rúminu eru sérstaklega ofnæmisprófuð



Svefnsófi
3ja sæta
blár, svartur, rauður

Vaxtalaust
tilboð!
2.999*
á mán. í 10 mánuði
Verð 29.990,-



Svefnsófi
3ja sæta
blár, svartur

Vaxtalaust
tilboð!
1.299*
á mán. í 10 mánuði
Verð 12.990,-



Stóll
með snúningi
blár, svartur, rauður

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

2 fyrir 1 Sofia

Hin heillandi höfuðborg Búlgaríu
28. sept. frá kr. **29.990**

- Frábær tími til að heimsækja borgina
- Einstakar söguslóðir Balkanskagans

- Spennandi kynnisferðir
- Einstakt mannlif, menning og skemmtun

5 nátta helgarferð - ótrúleg kjör

Terra Nova býður frábært tilboð til þessarar spennandi borgar á Balkanskaganum. Einstaklega spennandi kynnisferðir í boði um miklar söguslóðir. Vinsældir þessarar höfuðborgar Búlgaríu er mjög vaxandi enda er Sofia heillandi borg sem býður ferðalöngum fjölskrúðugt mannlif, menningu, skemmtun og fleira. Þú pantar tvö sæti en greiðir aðeins fyrir eitt.

Verð kr. 29.990

Netverð á mann.
Flugsæti með sköttum.
2 fyrir einn tilboð.

Gisting frá kr. 3.750

Netverð á mann, á nótt í tvíbýli á Hotel Lozenetz með morgunmat.



Skógarhlíð 18 – 105 Reykjavík – sími 591 9000
Akureyri – sími: 461 1099 • Höfnarhlíð – sími 510 9500
www.terranova.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Barcelona
í allt haust
frá kr. **19.990**

Heimsferðir bjóða beint leiguflug til Barcelona í allt haust. Barcelona er einstök borg sem býður allt það sem maður óskar sér í borgarferð. Haustið er frábær tími til að heimsækja borgina og njóta alls þess sem hún býður. Góð hótél í boði. Sérþöntum miða á leiki með Barcelona og Español ef óskað er.

Beint flug

- 14. sept. – 12 sæti laus
- 21. sept. – 17 sæti laus
- 28. sept. – 15 sæti laus
- 2. okt. – laus sæti
- 5. okt. – **Uppsett**
- 9. okt. – laus sæti
- 12. okt. – **Uppsett**
- 16. okt. – laus sæti
- 19. okt. – **Uppsett**
- 20. okt. – nokkur sæti laus
- 22. okt. – laus sæti
- 23. okt. – laus sæti
- 27. okt. – nokkur sæti laus
- 30. okt. – laus sæti
- 3. nóv. – **Örfá sæti laus**
- 6. nóv. – laus sæti
- 9. nóv. – **Uppsett**
- 13. nóv. – laus sæti
- 16. nóv. – **Örfá sæti laus**
- 20. nóv. – laus sæti
- 24. nóv. – laus sæti

Frá 35.462 kr.

Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi í 3 náetur á Hotel Atlantis með morgunmat 6. eða 13. nóv..

Borgin sem allir elska!

Frábært að versla
Íslandi mannlif
Fjörlagt næturlíf
Fjölskrúðugt menningarlíf
FC Barcelona - spænski boltinn

Bókaðu núna!



Heimsferðir



HALLA GUNNARSDÓTTIR Fór tvítug í myndlistarnám til Ítalíu en hefur að mestu leyti alið manninn í Bandaríkjum undanfarin áratug.

MYNDIR HELGI MÁR KRISTINSSON

Draumaheimar Höllu

Halla Gunnarsdóttir myndlistarkona er ein af þeim heppnu sem finna sína hillu í lífinu snemma. Síðastliðinn veturn sneri hún heim um stundarsakir og getur nú státað af tilnefningu til Grímuverðlauna og af tveimur myndlistarsýningum. Bergsteinn Sigurðsson ræddi við Höllu um listir, leikhús og ódagot.

Halla situr á gólfina í Gallherri Turpentine við Ingólfssstræti þegar blaðamann ber að gárdi. Hún er í skítugum vinnugalla rykug upp að hnjam í óðaðnum við að sparsla, mála og hengja upp myndir fyrir aðra einkasýningu sína hér á landi - Hibridi - sem opnaði í gallerínu að fóstudag. „Petta er allt að smella saman,“ segir hún brosmild. Á hillum standa skulptúrar og á veggjum hanga olíumálverk en betta er í fyrsta sinn sem málverk Höllu eru til sýnis. „Ég er aðallega í skulptúrum en sumar hugmyndir er ekki hægt að skapa í þrívidd. Pá gríp ég í strigann.“

Halla er menntuð á Ítalíu og í Bandaríkjum og hefur búið vestra nánast óslitið í áratug. Fyrir ári sneri hún aftur heim og gat sér orð fyrir leikmynd norðan heida en ekki í galleríi eins og menntunin gerði sjálfsagt ráð fyrir.

„Magnús Geir Þórðarsson, vinur minn og leikhússtjóri á Akureyri, bauð mér að hanna leikmynd og búninga fyrir leikritin Litlu hryllingsbúðina og Maríubjölluna. Mér fannst það of gott boð til að hafna og flutti svo að segja best frá New York til Akureyrar og bjó bar frá nóvember fram í apríl. Sem var frábært. Akureyringar eru afskaplega jákvæðir og stoltir af leikhúsini sínu og það var frábært að fá að taka þátt í uppganginum þarna fyrir norðan.“

Leiksvið í gallerínu

Fyrir leikmyndina í Maríubjöllunni uppskar Halla tilnefningu til Grímuverðlaunanna en auk þess að vinna fyrir Leikfélag Akureyrar hélt hún sína fyrstu einkasýningu - Svefnfarar - hér á landi í Listasafni Akureyrar og vakti mikla athygli. Í verkum Höllu má sjá greinilegar tengingar við leikhús ðenda segist hún leita í hið leikræna. „Það er ákveðin myndræn hugsun sem tengir leikhús ðog myndlistina og þegar ég vinn sýningarnar minnar hugsa ég sem svo að folk gangi inn á lítið svíð. Síðustu ár hef ég verið upptekin af því að taka áhorfandann inn í annan heim; í Svefnfórum var sá heimur rósamur og draumkenndur en þessa sýningu hugsa ég meira sem fantasíheim sem við eignum eithvað skylt við en er samt framandi.“ Halla fjallar bó ekki bara um drauma og fantasíur, „Í gegnum tíðina hef ég einnig

gert verk tengd umhverfisvernd, þá aðallega um skaðleg áhrif mengunar á börn,“ segir hún og játar að vera mikill umhverfisverndarsinni. „Mér finnst mikilvægt að listamenn geri líka pólitísk verk. Sjálfri mér finnst hins vegar áhrifaríkara þegar broddurinn liggur í undirtónunum, frekar en að skella honum framan í fólk á yfirborðinu. Ég vil ekki segja fólk i hvað ég eigi að finnast.“

Renndi blint í sjóinn

Halla var ekki nema tvítug þegar hún lagði land undir fót og hélt í listnám til Ítalíu. „Ég var þrettán eða fjörtán ára þegar ég komst að því að þetta væri það sem ég vildi gera. Sautján ára fór ég á sumar námskeið í myndlist á Ítalíu og varð ég ennþá vissari í minni sök eftir það.“

Þótt skemmtileg væru voru menntaskólaárin í MR nánast eins og biðstofa fyrir næsta áfanga. „Ég fór líka beinustu leið til Ítalíu. Þegar ég kláraði stúdentinn 1994. Ég var þar með hléum og millilendingu í Rússlandi til 1996. Ég ætlaði að læra í Moskvu en á þeim tíma var lítið fjármagn sem rann til stofnana eins og listaakademíunnar og öll aðstaða mjög slæm fyrir nemendur. Ég dreif mig því til New York í staðinn.“

Hún játar að það hafi verið stórt

stókk fyrir 22 ára gamla stúlkuna að flytja ein síns liðs til New York, jafnvel þótt hún hafi ekki gert sér grein fyrir því há, „Ég held að það hafi verið svoltið óðagot að mér og eftir að hyggja renndi ég blint í sjónn; fannst bara skemmtilegt og spennandi að vera komin til New York. Fyrst núna er ég farin að áttu mig á hvað þetta var yfirbyrmandi og hvað ég var í rauninni ung að fara þangað ein út.“ Ekki er bó svo að skilja að hún hafi ekki notið þess. „Námið gekk vel. Ég kláraði BA-gráðuna 1999 og meistaragráðuna fyrir premur árum. Fyrir listamann er auðvelt að láta heillast af borginni, enda er lista- og menningarliðið afskaplega blómlegt.“

Skaut aftur rótum

Helsti munurinn á listalífinu hér og í New York segir Halla vera að þar er völlurinn miklu staðri. „Hins vegar er ótrúlegt að í jafn litlu samfélagi og á Íslandi skuli vera til svona mörug söfn og galleri.“ Það er algengur misskilningur að mati Höllu að til að njóta myndlistar þurfi maður að vera sprenglærður. „Alls ekki. Fólk þekkert endilega að vita um hvað verkið fjallar, hvað listamaðurinn ætlaði sér eða að koma auga á einhverjar tilvísanir í listasögunni. Ef fólk sér eitthvað í verkunum og þau snerta það á einhvern hátt þá er takmarkinu náð.“

Halla er afar glöð yfir að hafa snúið aftur til Íslands í fyrra en í október fer hún hins vegar aftur út til New York. „Draumurinn er að geta búið á báðum stöðum í framtíðinni því mér líður eins og ég sé búin að skjóta rótum á Íslandi í annað sinn. Það tekst vonandi ef ég held vel á spöðunum.“



Höfnin fallegasti staðurinn

Listin er í aðalhlutverki í lífi Höllu og henni gefst líttill tími til að sinna öðrum hugðarefnum. „Ég fer mikil í sund,“ segir hún hlæjandi eftir dálítið hik. „Og á límuskauta, en næst á dagskrá hjá mér er að læra á sjóbretti og vinur minn í New York er búin að lofa að taka mig í kennslu. Ég reyni líka að komast út á land. Snaefellsnesið er minn uppáhaldsstaður á landinu.“

Þá fer hún oft í hjólatúra niður að höfn, ávallt með skissubók og yfirleitt með myndavél til fanga það sem vekur athygli. „Höfnin er í uppáhaldi hjá mér. Þetta fallegasti staðurinn í Reykjavík, myndrænn og margbreytilegur eftir sjónarhornum. Við eignum að passa upp á höfnina okkar og varðveita hana eins og við getum.“



ÚTSÖLULOK

10-60% afsláttur



Milano leðursófasett
*Einungis fáanlegt í svörtu leðri

3+2

Verð áður: 197.000,-

Tilboðsverð nú: 167.450,-

3+1+1

Verð áður: 207.000,-

Tilboðsverð nú: 175.950,-

Madison sófabord

-30%

Stærð: 135x70

Stærð: 60x60

Verð nú: 20.300,-

Verð nú: 13.860,-



Sjónvarpsskenkur
Verð áður: 32.000,-
-50%

Madison hnotu sófabord

m/skúffu 120x70

Verð áður: 35.000,-

-30%

Verð nú: 24.500,-





HLJÓÐFÆRI HUGANS

Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

Metnaður í málfari – fyrirtaks hjálpargögn

Oft undrast ég þann skort á metnaði hjá opinberum stofnum, fjölmöldum og fyrirtækjum sem birtist marg-sinnis í óvönduðu málfari og sýnir dapurlegt kæruleysi eða hreina vanbekkingu. Texti frá stofnum og fyrirtækjum er auðvitað hluti af ímynd, hvernig þau vilja koma almenningi fyrir sjónir. Og satt best að segja eru auglysingastofurnar ekki barnanna bestar. Nú eignum við sem betur fer ágaet hjálpargögn til að vanda málfar. Íslensk orðabók er trúlega öllum kunn og Íslensk samheitaorðabók og Mergur málssins eftir Jón G. Friðjónsson um notkun orðatiltakja. En nýverið hafa komið út tvær stórmekrar bækur. Ég nefni Stafsetningarorðabókina nýju, sem bætir úr brýnni þórf, og síðast en ekki síst Stóru orðabókina um íslenska málnotkun eftir Jón Hilmar Jónson. Hún er ekkert annað en einstakt afrek, og ómetanleg hjálpahella. Þessar tvær bækur (og raunar hinár líka) ættu að vera í daglegri notkun hjá öllum íslenskum stofnum og fyrirtækjum. Tökum öll þátt í að rækta málfar okkar.

Vel að orði komist – og miður

Prýði er að því að krydda málfar sitt með vel völðu myndmáli. Hér eru nokkur nýleg dæmi: Steingrímur J. Sigfusson sagði í tilteknu málí að ríkisstjórnin [væri] fundvíss á steina til að hnjóta um. Við Annað tækifæri líkti hann astföðu ráðherra við vegg úr járbentri steinsteypu. Ragna Aðalsteinsdóttir á Laugabóli í Laugardal í Djúpi segist stundum hafa fengið til sín unglings sem hafa lent í lausamölkífsins. Kristín Helga Gunnarsdóttir spy i Fréttablaðinu: „Er nema von að slökkviliðsmenn séu bárlreiðir?“ „Hugmyndin um Evrópusambandsaðild hefur verið í pólitiskri klakabrynu.“ Birgi Guðmundsson í Fréttablaðinu. En myndmál þarf að eiga sér innri

Vilji menn senda mér braghendu eða góðfuslegar ábendingar: npn@vortex.is

samsvörun. EKKI er heppilegt að komast svo að orði eins og einn þingmaður í ræðustóli sem sagði iðnaðarráðherra „sitja kyrri í því fari sem hún hefur tekið sér fyrir hendur“. Eða þegar talað er um „að skera niður starfsfólk“. Hengdir menn eru skornir niður úr snöru, en starfsfólk er fækk-að. EKKI er fallegt að „skjóta á 55 þúsund manns“ í miðbænum eins og Sif Gunnarsdóttir hafði eftir lögregluþjóni á menningarnótt. Vingjarnlegra væri að giska á þann fjölda. Og hvað segja menn um að „hjúkrunarheimili sitji öll við sama bord“ eins og segir í fyrirsögn í Mbl. 20. ágúst. Sjá menn fyrir sér borðhaldið?

Skyr með óbragði?

Tungumálið getur verið skriftið. Maður sem stuðlar að sölu landbúnaðarvara til Bandaríkanna talaði um jarðarberjaskyr og að prófa „óbragðbætt“ skyr. Er það skyr bætt með óbragði? Kannski er hreinlegra að tala um hreibint skyr.

Gangandi vegfarandi

Oft heyrum við og lesum í fréttum að „ekid var á gangandi vegfaranda“. Gallinn við svona orðalag er hversu stofnanalegt það er og ómyndraent. Hvað er eiginlega vegfarandi? Er það maður, kona eða barn? Gamall maður með göngustaf, kona með innkaupapoka, unglingsstúlka á reiðhjóli, strákur á hjólastakutum? Þið takið eftir því að strax er komin ofur-litil mynd með litill breytingu. Frétt er lýsing, að hluta til að minnsta kosti, og því ber almennt að forðast ómyndraent, óhlutbundið orðalag, og reyna að láta lesandann sjá hvað býr að baki orðanna.

Braghenda

Braghenda dagsins varð til í Miðvirkinni Aðalvík: Brönugrasíð bregður sínum bleika lit neðar skartar fífá á fit fellur sólargeisli á Rit

Við fótskör meistarans

Mörgum þykir sem jafnaðarstefnan, hin eina sanna hreina, eigi erfitt uppdráttar í Samfylkingunni. Því vakti það mikla athygli á Ölstofunni að kvöldi föstudagsþegar Jón Baldvin Hannibalsson, hinn eini

sanni leiðtogi krata, mætti flottari en nokkuð sinni á staðinn. Í kóngablaum jakka úr flaueli og mælskur að vanda. Og ljóst var að hugsjónin sú sem hann standur og hefur staðið fyrir er hvergi nærríðið.

Í kringum Jón Baldvin safn-

aðist svo vel mannaður „læriseinahópur“ sem nam hvært orð af vörum meistarans af mikilli athygli. Voru þeir þar mættir Jakob Frímann Magnússon tónlistarmaður, Hallgrímur Helgason rit-hófundur, Ásgeir Friðgeirsson ráðgjafi auk þess sem Hallur Helgason athafnamaður úr Hafnarfirði slóst í hópnum. Hallur er reyndar flokkabundinn Sjálfstæðismaður og var í framboði fyrir flokkinn pann í síðustu bæjarstjórnarkosningum. Er reyndar aldrei að vita nema hann söðli um, enda sannfæringarkrafti Jóns við brugðið.

Var til þess tekið af þeim sem utan stóðu hversu samstilltur hópurinn var og begar Jóni tókst sér-lega vel upp, sagði skemmtilegar sögur, slógu menn sér á lær og skelstu upp úr. - jbg

JÓN BALDVIN

HANNIBALSSON

